

Halldór
skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Íþróttafatnaður




Gerðu dúndurkaup!
Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
12. janúar 2011
9. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



## Býður upp á fjölbreytni

*Hörður Kristjánsson er nýr ritstjóri Bændablaðsins.*

**tímamót 20**

## Ný í fréttunum

*Hugrún Halldórsdóttir er nýr liðsmaður fréttastofu Stöðvar 2, en góðar konur hættu þar á dögunum.*

**fólk 38**



## Erfiðir mótherjar á HM

*Gunnar Magnússon hefur skoðað vel andstæðinga strákanna okkar í Svíþjóð.*

**sport 34**

## veðrið í dag




**STREKKINGUR EÐA ALLHVASST**
Í dag má áfram búast við stífri NA-átt, víða 10-16 m/s en hvassara á Vestfjörðum og við suðurströndina. Víða él en að mestu þurrt suðvestan til. Hlýjast allra syðst.

**VEÐUR 4**

# ESB-viðræðunum kann að verða slitið þyki ástæða til

**Það gæti komið að því að aðildarviðræðunum við Evrópusambandið verði hætt áður en samningur verður gerður. Ekki er þó tilefni til slíkra vangaveltna strax. Þetta er mat starfandi formanns þingflokks VG.**

**STJÓRNMÁL** Ekki er fullvíst að viðræðum um aðild Íslands að Evrópusambandinu verði lokið með samningi sem borinn verður undir þjóðina. Áður en af því getur orðið kann sú staða að koma upp að Alþingi endurmeti aðildarumsóknina. Þetta er mat Árna Þórs Sigurðssonar, starfandi formanns þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

„Það getur vel verið að þær aðstæður komi upp að það þurfi að ræða það í þinginu hvort við eigum að halda þessu ferli áfram. Að við þurfum á einhverjum tímapunkti að meta okkar hagsmuni upp á nýtt í ljósi þeirrar þróunar sem verður í viðræðunum. En sá tímapunktur er ekki kominn,“ segir Árni Þór.

Fjallað var ítarlega um Evrópusambandsmálin á fundi þingflokks VG á mánudag. Embættis- og samningamenn á sviði sjávarútvegs- og landbúnaðar sátu fundinn og svöruðu spurningum þingmanna. Tilgangurinn var að þingmenn gætu áttað sig á stöðu og þróun viðræðnanna.

Svokölluð rýnivinna stendur yfir en í henni felst að bera saman íslensk lög og löggjöf Evrópusambandsins, sjá hvar samhljómur er og hvað þyrfti að semja um í eiginlegum samningaviðræðum.

Árni Þór segir ástæðulaust að leiða hugann að viðræðuslitum fyrr en samningaviðræðurnar eru hafnar. Þá fyrst liggi fyrir hvort hagsmunum Íslands sé þannig fyrir komið að meta beri málið upp á nýtt. Það kunni að verða gert á vettvangi Alþingis.

Fundurinn á mánudag var liður í að sætta ágreining innan þingflokksins. Það á að gera með málefnalegri umræðu um helstu álitamál. Árni Þór segir að á fundinum hafi fólk færst nær í þeim ásetningi sínum að vinna saman. Góður tónn hafi verið í fólki og skoðanaskipti málefnaleg. **- bþs**



**FÓLK HLEYPUR Í SKAMMDEGINU** „Það fjölgar alltaf hjá okkur í janúar,“ segir Björn Leifsson í World Class, þar sem þessi mynd var tekin um kvöldmatarleytið í gær. Björn telur ástæðuna þó ekki vera þá að fólk hafi fitnað svo mikið um jólin. „Það er aðallega út af myrkrinu. Það er búið að slökkva jólaljósin.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**JACK BLACK** Hefur tekið að sér að koma Næturvaktinni í amerískt sjónvarp.

Leikarinn Jack Black:

## Tekur við Næturvaktinni

**FÓLK** Bandaríska grínistanum Jack Black og framleiðslufyrirtæki hans, Electric Dynamite, hefur verið falið að þróa bandaríska útgáfu af íslensku sjónvarpsþáttunum Næturvaktinni fyrir Saga Film og bandaríska framleiðslufyrirtækið Reveille. Ráðinn hefur verið handritshöfundur til að vinna nýtt handrit upp úr þáttunum.

„Þetta hljómar mjög vel,“ segir Ragnar Bragason, leikstjóri íslensku útgáfunnar. „Við höfum oft grínast með það í gegnum tíðina að ef einhver Hollywood-stjarna ætti að leika Pétur Jóhann þá væri það Jack Black.“

**- fgg / sjá síðu 38**

Gera má ráð fyrir enn frekari hækkunum á eldsneyti á næstunni:

# Vill að stjórnvöld lækki skattana

**NEYTENDUR** Eldsneytisverð náði nýjum hæðum í gær þar sem verð á bensínlítra í sjálfsafgreiðslu fór allt upp í 213,6 krónur og lítraverð á dísilolíu fór upp í 213,9 krónur. Sáralítill verðmunur er milli útsölustaða þar sem innan við krónu munar á hvorri tegund.

Eins og fram hefur komið hækkaði álagning ríkisins á eldsneyti um áramótin, en sú hækkun á enn eftir að hafa full áhrif á útsöluverð. Það mun leggjast á þegar nýjar eldsneytisbirgðir berast.

Meðal þess sem leiðir til hækkunar nú er hækkun á heimsmarkaðsverði bensíns og dísilolíu, lækkandi gengi krónu gegn Bandaríkjadal ásamt aukinni eftirspurn frá Asíu og vegna kulda í Evrópu.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir í samtali við Fréttablaðið að hann vonist til að stjórnvöld dragi í land með skattahækkanir.

„Stjórnvöld ráða auðvitað engu varðandi heimsmarkaðsverð og annað, en það sem þau hafa þó í höndum eru stýritæki sem eru skattar. Á einhverjum tímapunkti hljóta menn að sjá að sér, því að það er farið að vera erfitt fyrir tekjulægri fjölskyldur að nota heimilisbílinn eins og áður.“ **- þj**

SPARAÐU SVIMANDI UPPHÆÐIR
ÚTSALA

45 CM
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 59.900
exquisit
GSP-7009
Aðeins 45 cm breið uppþvottavél
með 3 þvottakerfum
og val milli 4 hitastiga
3xA einkunn
HxBxD: 85x45x58 cm
Verð áður kr 79.900
Rafha ehf
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
Yfir 400 útsöluvörur á rafha.is




SKÓLA OSTUR
Skólaostur í sneiðum á tilboði í næstu verslun


ms.is

## SPURNING DAGSINS



*Oddur, eru bæjaryfirvöld alveg blind á þennan vanda þinn?*

„Já, þau eru siðblind.“

Oddur Stefánsson, sautján ára blindur Kópavogsbúi, hefur kært Kópavogsbæ fyrir að veita honum ekki lögbundna ferðaþjónustu.

Uppsagnir í farvatninu vegna yfirvofandi verkefnaskorts á verktakamarkaði:

# 170 sagt upp við starfslok í Hörpu

**VINNUMARKAÐUR** Verktakafyrirtækið ÍAV hyggst segja 170 starfsmönnum upp störfum fyrir næstu mánaðamót, en það er tæplega helmingur starfsmanna. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Þar sagði Karl Þráinsson, forstjóri ÍAV, að uppsagnirnar væru vegna verkloka við tónlistarhúsið Hörpu, en tekjur vegna þess verks eru meginhluti veltu fyrirtækisins.

Karl sagði að hugsanlega yrði dregið úr uppsögnum ef fyrirtækið fengi ný verkefni á næstunni.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, að verklok við Hörpu hafi legið lengi fyrir og undirbúningur stórverkefna líkt og stærri virkjanaframkvæmda hefði átt að hefjast fyrir löngu. Hann sér þó ekki fyrir sér fleiri fjöldauppsagnir af þessu tagi.

„Það er ekki algjört svartnætti í þessum bransa, en hann er að lifna miklu hægar við en maður hefði viljað. Það er þó hægt að sjá framvindu sem skilað getur mörgum verkefnum. Til dæmis fara langþráðar vegaframkvæmdir brátt af stað, útboð vegna Háskólasjúkrahússins verður á þessu ári og við erum loks að sjá lífsmark á fasteignamarkaði.“ - þj



**UPPSAGNIR** ÍAV segist þurfa að segja 170 manns upp vegna verkefnaskorts eftir að framkvæmdum lýkur við tónlistarhúsið Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Harka færist í kjaraviðræður:

# Verkfall ógnar loðnuvertíðinni

**SJÁVARÚTVEGUR** Efnt verður til atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun í sex fiskimjölsverksmiðjum á Austurlandi. Samninganefnd stéttarfélagsins Drífanda í Vestmannaeyjum, sem í eru starfsmenn tveggja fiskimjölsverksmiðja, tekur tillögu um atkvæðagreiðslu fyrir í dag.

Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri Afls, starfsgreinafélags á Austurlandi, segir starfsfólk bræðslanna vilja hærri laun. Verði samþykkt að fara í verkfall geti það ógnað loðnuvertíðinni. - bl

Skopmyndir Halldórs:

# Kosið um bestu skopmynd ársins

**SAMKEPPNI** Myndir skopteiknarans Halldórs Baldurssonar hafa glatt lesendur Fréttablaðsins og Vísis.is frá apríl síðastliðnum.

Margar eftirminnilegar myndir hafa birst þar sem Halldór beitir skarpri háðsádeilu og samfélagsrýni á atburði líðandi stundar.



**HALLDÓR BALDURSSON**

Nú gefst lesendum kostur á að taka þátt í vali á bestu mynd ársins en kosning stendur yfir á slóðinni visir.is/halldor. Tekið verður við atkvæðum fram til 22. janúar.

50 heppnir þátttakendur munu fá glaðning í formi kaffikönnu með myndum frá Halldóri. - þj

OR auglýsti forstjórastöðuna:

# 60 sóttu um stöðu forstjóra

**STJÓRNSÝSLA Alls sóttu sextíu manns um stöðu forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Umsóknarfrestur rann út þann 4. janúar. Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður OR, segir afar ánægjulegt hversu margir sýndu starfinu áhuga.**



**HARALDUR FLOSI TRYGGVASON**

**„Það er mjög spennandi að taka þátt í þessu vali,“ segir Haraldur Flosi. „Miðað við það hverjir kandídatarnir eru getum við verið viss um að fá mjög öflugan stjórnanda. Það er mikið af góðu fólki að finna á þessum lista.“**

**Helgi Þór Ingason hefur gegnt stöðu forstjóra síðan í ágúst en þá var hann ráðinn tímabundið.** - sv

# Sterk rök fyrir því að semja um Icesave

**Seðlabankinn segir að samþykkt Icesave-samningsins muni líklega bæta verulega aðgengi að alþjóðlegum fjármálamarkaði. Hvorki sé líklegt að þróun gengis íslensku krónunnar né punds og evru raski forsendum samningsins.**

**ICESAVE** Sterk rök eru fyrir því að leysa deiluna um Icesave þrátt fyrir að töluverð óvissa sé um efnahagslegar forsendur til svo langs tíma sem nýr samningur Íslands við Breta og Hollendinga nær.

Þetta er álit Seðlabankans. Kemur það fram í umsögn hans um frumvarp til laga um nýja samninginn.

Seðlabankinn telur að bætt aðgengi að alþjóðlegum fjármálamarkaði vegi upp á móti efnahagslegu óvissunni. Tekur hann jafnframt tillit til þess að úrskurður EFTA-dómstólsins gæti fallið Íslandi í óhag, kæmi málið til kasta hans.

Fjárlaganefnd Alþingis fundar um Icesave-samninginn í dag, á morgun og á mánudag. Á fundunum verður farið yfir efnisatriði hans, álit umsagnaraðila rædd og þeir kallaðir til frekara skrafs.

Seðlabankinn fjallar um óvissu forsendna nýja samningsins vegna gengis gjaldmiðla. Gengishækkun krónunnar hafi tiltölulega lítil áhrif en áhrif gengislækkunar umfram tíu prósent séu veruleg. Segir að helst væri að vænta mikillar gengislækkunar ef Seðlabankinn missir tökin á verðbólgunni. Takist honum hins vegar að halda verðbólgu nálægt markmiðum séu hverfandi líkur á mjög mikilli gengislækkun. Að gefnum tilteknum forsendum telur Seðlabankinn mun líklegra að á komandi árum muni raungengi hækka en að það muni lækka.

Jafnframt er fjallað um áhættuna af breytingum á innbyrðis gengi punds og evru. Ekkert sé fast í hendi en þróun síðustu ára og vísbendingar til framtíðar gefi tilefni til að ætla að tiltölulega lítil hætta sé á miklum breytingum þar á.





**ÆÐSTRÁÐANDI Í SEÐLABANKANUM** Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í umsögn Alþýðusambands Íslands segir að Alþingi verði að ljúka Icesave sem allra fyrst til að auðvelda aðgengi að erlendu fjármagni til uppbyggingar og atvinnusköpunar og stuðla að frekari vaxtalækkun. Telur sambandið nýjan samning geta stuðlað að því.

Samband íslenskra sveitarfélaga kveðst í sinni umsögn ekki taka afstöðu til frumvarpsins. Engu að síður bendir það á að þrátt fyrir hagstæðari niðurstöðu en í fyrri samningum felist í henni veruleg skuldbinding af hálfu ríkissjóðs sem kunni að hafa áhrif á fjárlög. Væntanleg aukin skattheimta ríkisins til að standa undir þeim skuldbindingum minnki enn meir svigrúm sveitarfélaga til skattheimtu en þegar er orðið.

bjorn@frettabladid.is

## Umsegjendur

**Fjárlaganefnd óskaði umsagna eftirfarandi:**

Alþýðusambandsins, Sambands sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins, fjármálaráðuneytisins, Hagfræðistofnunar HÍ, Seðlabankans, Tryggingasjóðs innstæðueigenda, Indefence, skilanefnd Landsbankans, slitastjórnar Landsbankans, Gam Management (sérfræðingar í vaxta- og gjaldeyrismörkuðum), IFS greiningar (ráðgjafafyrirtæki á sviði fjármála og greininga), Ragnars Hall hrl., Peters Örebeck, lagaprófessors í Noregi, og sameiginlegs álits lögmannanna Benedikts Bogasonar, Dóru Guðmundsdóttur, Stefáns Geirs Þórissonar og Stefáns Más Stefánssonar.





**REFSING GUÐS** Söfnuðurinn hefur áður vakið uppnám við jarðarfarir. NORDICPHOTOS/AFP

Boða mótmæli við jarðarför:

# Segja árásina refsingu Guðs

**BANDARÍKIN, AP Þingmenn á ríkisþinginu í Arizona veltu því fyrir sér í gær að setja neyðarlög sem banna mótmæli við jarðarfarir.**

**Tilefnið er að söfnuður í óháðri baptistakirkju hafði lýst áhuga á að efna til mótmæla þegar níu ára stúlka, sem fórst ásamt fimm öðrum í skotárás á þingkonuna Gabrielle Giffords í borginni Tucson á laugardag, verður jarðsungin. Söfnuðurinn er þekktur fyrir að efna til mótmæla við jarðarfarir samkynhneigðra og bandarískra hermanna sem fallið hafa í Afganistan eða Írak. Giffords hefur sýnt málefnum samkynhneigðra skilning.** - gb

Bandarískir vísindamenn:

# Ný glertegund sterkari en stál

**VÍSINDI** Vísindamönum í Bandaríkjunum hefur tekist að búa til nýja tegund glers, sem sögð er vera sterkari en stál.

Nýja glerið er gert úr málmtegundum og hefur þann eiginleika að geta látið undan höggum og þrýstingi með því að sveigjast frekar en brotna. Þetta málmgler varð til í samvinnu vísindamanna á rannsóknarstofu bandaríska dómsmálaráðuneytisins í Berkeley og á California Institute of Technology. Vísindamennirnir segjast vera að þróa þessa glertegund áfram svo hún verði enn betri. - gb


Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildamyndina:

# Óreiða [现在是过去的未来]

**Askja, st. 132, fimmtudagur 13. janúar 2010, kl. 17:30**

Fyrsta sýningin í heimildamyndaröðinni *China Screen: Chinese Filmmakers Disclose Stories from the Changing Middle Empire*; Núið er framtíð hins liðna (现在是过去的未来) eða Óreiða: menn og dýr í ölduróti borgarinnar, í leikstjórn Huang Weikai.



Sýningin er öllum opin og án endurgjalds. Sýningartími 59 mín.

北极光孔子学院 KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is


Dregið úr innsendum lausnum á myndagátu Fréttablaðsins:

# Þrír fá áskrift að handboltanum

**SAMKEPPNI** Dregið var úr innsendum lausnum á myndagátu Fréttablaðsins í gær. Gátan birtist í blaðinu á gamlársdag.

Dregnir voru út þrír vinningshafar: Ólafur V. Björnsson í Kópavogi, Rannveig Bjarnadóttir á Akranesi og Skírnir Garðarsson í Reykjavík. Öll hljóta þau hljóta í vinning áskrift að heimsmeistaramótinu í handbolta. Handboltamótið verður sýnt á Stöð tvö sport og hefst á morgun.

Myndagátan reyndist mörgum snúin að þessu sinni því af um 430 lausnum sem bárust reyndust um 180 réttar.

Rétt lausn áramótamyndagátu Fréttablaðsins er: Heimskreppa, náttúruhamfarir og umhverfisslys settu svip á árið. Eldar brunnu á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli. Aska þakti blómleg héruð.



**DREGIÐ ÚR RÉTTUM SVÖRUM** Ólafur Þ. Stephensen ritstjóri og Steinunn Stefánsdóttir aðstoðarritstjóri drógu úr réttum innsendum lausnum á myndagátu Fréttablaðsins.

TOYOTA

# Hvenær sagðir þú síðast við bílinn þinn að þú elskaðir hann?

## Reglubundin þjónustuskoðun Toyota




### Reglubundin þjónustuskoðun - Bara lausnir

Komdu með bílinn þinn í reglubundna skoðun hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.
Það eykur endingu hans og viðheldur söluverðmæti.

### Vaxtalausar greiðslur

Þeir sem koma með bílinn í reglubundna þjónustuskoðun í janúar og greiða með greiðslukorti eiga kost á því að dreifa greiðslum* á þrjá mánuði vaxtalaust frá og með 2. apríl.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Nýbýlavegi 8 | 200 Kópavogi | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | 603 Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | 800 Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | 260 Reykjanesbæ | 420 6600 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | 112 Reykjavík | 577 7080 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | 300 Akranesi | 431 5050 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | 400 Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | 550 Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | 640 Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | 700 Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófin 14a | 230 Reykjanesbæ | 421 6901 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

*3% þjónustugjald

Today
Tomorrow
Toyota

## GENGIÐ 11.01.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,21 | 118,77 |
| Sterlingspund | 183,58 | 184,48 |
| Evra | 152,79 | 153,65 |
| Dönsk króna | 20,509 | 20,629 |
| Norsk króna | 19,773 | 19,889 |
| Sænsk króna | 17,187 | 17,287 |
| Japanskt jen | 1,4216 | 1,4300 |
| SDR | 180,16 | 181,24 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

209,6482

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landsvirkjun hyggst bíða með rannsóknaborarnir á háhitasvæðinu í Gjástykki í Þingeyjarsýslum:

# Bíða áætlunar stjórnvalda um Gjástykki

**UMHVERFISMÁL** Landsvirkjun hyggst ekki nýta sér nýfengið leyfi til rannsóknaborana í Gjástykki í Þingeyjarsýslum.

Orkustofnun veitti Landsvirkjun rannsóknaleyfi á mánudag, en það felur ekki í sér heimild til nýtingar á jarðhita á svæðinu.

Leyfið olli nokkru fjaðrafoki þar sem Orkustofnun gaf það út þrátt fyrir andstöðu Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar auk þess sem ríkisstjórnin hefur í hyggju að friðlýsa svæðið. Ákvörðunin nýtur hins vegar stuðnings sveitarfélaga og landeigenda á svæðinu.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir leyfið ekki breyta áformum stjórnarinnar.

„Það er algerlega klárt að þessi ríkisstjórn hefur verið sammála um að fara í friðlýsingarferli á Gjástykki. Það ferli er í gangi, og við það stöndum við,“ segir Katrín.

Ragna Sara Jónsdóttir, yfirmaður samskiptasviðs Landsvirkjunar, segir að ekki verði farið út í boranir fyrr en stefna stjórnvalda sé ljós.

„Landsvirkjun hyggst ekki hefja rannsóknaboranir fyrr en niðurstaða liggur fyrir varðandi rammaáætlun og náttúruverndaráætlun um svæðið.“

Landsvirkjun hefur haft fjögur svæði í Þingeyjarsýslum til skoðunar, og er Gjástykki eitt af þeim. Hin þrjú eru Þeistareykir, Krafla og Bjarnarflag. **- bj, þj**



**RANNSÓKNIR** Landsvirkjun hefur haft fjögur svæði í Þingeyjarsýslum til skoðunar vegna mögulegrar orkuöflunar. Ekki verður þó borað í Gjástykki fyrr en stefna stjórnvalda liggur fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tölvu stolið frá Aflinu:

## Upplýsingarnar afar viðkvæmar

**LÖGREGLUMÁL Borðtölvu var stolið frá Aflinu: samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Akureyri milli jóla og nýárs. Um er að ræða gamla Dell-tölvu með öllum gögnum samtakanna síðan árið 2002.**

**„Þetta eru virkilega viðkvæmar upplýsingar sem gagnast ekki neinum nema okkur,“ segir Viktoría Jóhannsdóttir, fjölmiðlafulltrúi Aflsins. „Við gerum okkur enga grein fyrir því hvers vegna þetta var gert.“ Hægt er að koma tölvunni eða harða disknum nafnlaust til sinna réttu eigenda með því að hafa samband við Aflið eða lögregluna á Akureyri.** **- sv**



**MAKRÍLL** ESB hyggst setja löndunarbann á makrílafla íslenskra skipa.

Makríldeila á hærra stig:

## Tilkynna um löndunarbann

**SJÁVARÚTVEGUR** Evrópusambandið mun tilkynna íslenskum stjórnvöldum á fundi EES á morgun að löndunarbann hafi verið sett á makrílafla íslenskra skipa. Fréttaveitan Reuters hefur þetta eftir heimildarmönnum innan ESB.

Noregur og ESB eru ósátt við einhliða útgáfu kvóta Íslendinga sem hyggjast veiða um 145.000 tonn af makríl í ár. Samningaviðræðum milli Íslands, ESB og Noregs lauk án árangurs fyrir áramót. **- þj**



**SVANGUR** Hængurinn hringaði sig ekki um hrognaklasann eins og við var búist heldur sökkti skoltunum í tilvonandi afkvæmi sín. Hann át um þriðjung þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Steinbítarnir nutust lengi í fyrradag og biðu síðan saman eftir hrygningunni. Að henni lokinni fór allt í bál og brand.



**AFHUGA AFKVÆMUNUM** Hrygnan vildi ekki sjá hrognin eftir að hængurinn hafði djöflast í þeim.

# Ástum steinbítanna lauk með harmleik

**Eftir langa mökun gaut steinbítshrygnan í Sæheimum í Vestmannaeyjum hrognaklasa á stærð við greipaldin. Í stað þess að umvefja afkvæmin át hængurinn þriðjung þeirra. Í kjölfarið afneitaði hrygnan þeim. Ekki er þó öll nótt úti.**

**NÁTTÚRA** „Steinbítshrygnan hrygndi um hálfáttaleytið [í fyrrakvöld]. Hængurinn hefði átt að taka við hrognaklasanum af henni en í staðinn át hann hrognin. Það voru mikil vonbrigði,“ segir Margrét Lilja Magnúsdóttir, safnstjóri Sæheima í Vestmannaeyjum.

Á miðvikudag fylgdust starfsmenn safnsins og aðrir dolfallnir með eðlun steinbítspars og vonuðust til að hægt yrði að ala afsprengi mökunarinnar – nokkur hundruð seiði – í búrum. Það varð hins vegar uppi fótur og fit þegar hængurinn réðst að hrognaklasanum, sem var á stærð við meðalgreipaldin, og tók til matar síns.

> Þetta var dramatískt. Hann hefði étið þau öll ef hann hefði fengið tækifæri til.
>
> **MARGRÉT LILJA MAGNÚSDÓTTIR**
> SAFNVÖRÐUR Í SÆHEIMUM

„Við rukum til og fjarlægðum hann úr búrinu en hrygnunni fipaðist við þetta. Hrognin lágu bara eins og hráviði eftir hann þannig að hún skipti sér ekkert meira af þeim,“ segir Margrét. „Þetta var dramatískt. Hann hefði étið þau öll ef hann hefði fengið tækifæri til þess.“

En ekki er öll nótt úti enn. Hængnum tókst ekki að gleypa nema um þriðjung hrognanna og vonir eru bundnar við að restin klekist eftir nokkrar vikur. Þá stendur til að reyna að ala seiðin á smáum krabbadýrum. Slíkt hefur verið reynt með loðnuseiði og humarlirfur. **stigur@frettabladid.is**

Ólafur kominn á Grensás:

## Liggur enn án meðvitundar

**LÖGREGLUMÁL** Ólafur Þórðarson tónlistarmaður er nú kominn á endurhæfingardeild Landspítalans á Grensási. Hann er þó enn meðvitundarlaus. Vísir greindi frá málinu í gærdag.



**ÓLAFUR ÞÓRÐARSON**

Þorvarður Davíð Ólafsson réðst á Ólaf, föður sinn, í nóvember síðastliðnum og barði hann ítrekað í höfuðið. Ólafur hefur ekki vaknað til meðvitundar síðan. Þorvarður Davíð verður að öllum líkindum ákærður fyrir tilraun til manndráps og er rannsókn lögreglu á málinu lokið.

Málið verður sent til embættis ríkissaksóknara á næstu dögum og enn er beðið niðurstöðu úr geðmati á syni Ólafs. **- sv**

Flugskeytaárásir frá Gasa:

## Hamas mælir gegn árásum

**PALESTÍNA, AP Hamas-samtökin á Gasa-svæðinu hvetja aðra hópa herskárra íbúa svæðisins til þess að halda aftur af sér og hætta að skjóta flugskeytum yfir landamærin til Ísraels.**

**Taher Nunu, talsmaður Hamas, segir að tveggja ára vopnahlé gagnist Palestínumönnum og komi í veg fyrir gagnárásir frá Ísrael. Undanfarna daga hafa íbúar á Gasa aftur tekið upp á því að skjóta flugskeytum yfir landamærin. Fyrir tveimur árum svöruðu Ísraelar slíkum árásum með heiftarlegum þriggja vikna látlausum hernaði gegn Gasa, sem kostaði 1.400 manns lífið.** **- gb**




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HVASST** Í dag og á morgun má áfram búast við stífri NA-átt, einkum verður hvasst á Vestfjörðum, Snæfellsnesi og við suðurströndina. Á föstudaginn lægir um allt land og vindur snýst í A-átt en áfram verður stíf NA-átt á Vestfjörðum þó heldur dragi úr vindi.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 2° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 11° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 2° |
| Orlando | 13° |
| Ósló | -4° |
| París | 11° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*


Í FLOTTU FORMI
Á NÝJU ÁRI!
HYDROXYCUT HARDCORE
er eitt sterkasta brennsluefni í heiminum í dag. Margfaldar fitubrennslu, minnkar matarlyst og gefur orku. 250 mg af koffeini í einum skammti.
TILBOÐ 7.999 kr/pk
WHEY GOURMET BAR
Frábært próteinstykki aðeins 190 kaloríur 15 grömm prótein en umfram allt frábært bragð.
MAXX GLÚTAMÍN
Glútamín verndar vöðvana gegn niðurbroti við æfingar.
WHEY2GOOD BAR
30 grömm prótein og 4 ljúffengar bragðtegundir.
MAXX KREATÍN
Kreatín gefur sprengikraft og styrk og byggir upp vöðva.
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
MYOPLEX CARB SENSE
Tilvalið fyrir þá sem vilja grenna sig. 25g af hágæða próteinblöndu 2,3g af kolvetnum (aðeins 1g af sykri).
MYOPLEX
Myoplex Strenght er sérstaklega framleitt með þarfir íþróttafólks í huga.
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
TILBOÐ 299 kr/stk
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
TILBOÐ 299 kr/stk
FROOSH
Ávextir í flösku!
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
PROFITT
Íslensk vara án litarefna, gerviefna og E- efna.
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
HEILSA B- STRESS
Er mikilvægt fyrir starfsemi líkamans, það virðist hjálpa fólki til að viðhalda eðlilegu jafnvægi í hinu daglega lífi, styrkjandi fyrir ónæmiskerfi líkamans og verndar hann gegn eyðileggjandi áhrifum of mikils álags, jafnt líkamlegs sem andlegs.
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
NOW OMEGA 3-6-9
Allar nauðsynlegu fitusýrurnar í belgjum. Auðvelt til inntöku.
Gildir til 23. janúar á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Ættu tölvufyrirtæki að upplýsa bandarísk yfirvöld um netnotkun alþingismannsins Birgittu Jónsdóttur?*

| | |
|---|---|
| Já | 22,7% |
| Nei | 77,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um eignarhald og nýtingu á orkuauðlindum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Talið að tugir manna hafi farist í öflugu skyndiflóði í Ástralíu á mánudag:

# Íbúar í Brisbane búa sig undir stórflóð

**ÁSTRALÍA, AP** Það var engu líkara en að tsunami-flóðbylgja hefði skollið á bænum Toowoomba í Ástralíu á mánudag. Gluggarúður sprungu í húsum og bílar þeyttust upp í tré og skoppuðu í flóðinu eins og korktappar.

Brýr og gangbrautir skoluðust burt og fjöldi manns reyndi að halda dauðahaldi í staura og tré til að berast ekki með vatnsflaumnum.

Að minnsta kosti tíu manns létu lífið en nærri áttatíu er enn saknað og er óttast að margir þeirra séu látnir.

„Vatnið bókstaflega stökk sex eða tíu fet [tvö til þrjá metra] upp í loft, gegnum árfarvegi og yfir brýr og inn í almenningsgarða,“ segir Greg Kowald, rúmlega fimmtugur tónlistarmaður sem var á ferð í bifreið sinni þegar ósköpin dundu yfir. „Það var engin leið að komast undan, jafnvel þótt viðvörun hefði borist. Þetta var bara kílómetra breiður vatnsveggur.“

Alls hafa þá tuttugu manns farist í flóðunum í norðaustanverðri Ástralíu síðustu daga, sem stafa af óvenju mikilli úrkomu. Flóðin stefndu í gær í áttina til borgarinnar Brisbane, þar sem óttast er að um níu þúsund hús fari undir vatn á næstu dögum.

Flóðin í ár virðast ætla að verða þau mestu sem þekkst hafa á þessum slóðum. **- gb**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÓHUGUR Í BRISBANE** Íbúar fylgjast með vatnsborði Brisbane-árinnar hækka.

# Járnblendið óbeint til stjórnvalda í Kína

**Kínverska fyrirtækið China National Bluestar hefur keypt Elkem, móðurfélag Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Kínverska ríkið á 80 prósenta hlut í móðurfélagi Bluestar. Verksmiðjan rekin hér áfram segir forstjóri Elkem Ísland.**

**VIÐSKIPTI** Kínverska fyrirtækið China National Bluestar hefur keypt norska fyrirtækið Elkem AS, móðurfélag Elkem Ísland ehf., sem rekur Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga.

Kínverska ríkisfyrirtækið ChemChina Corporation á 80 prósenta hlut í China National Bluestar, en bandaríska fjárfestingarfyrirtækið Blackstone Group á 20 prósenta hlut. Óbeint má því segja að Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga sé komin í meirihlutaeigu kínverska ríkisins.

Elkem var í eigu norska stórfyrirtækisins Orkla, sem seldi Elkem á tvo milljarða Bandaríkjadala í reiðufé, sem jafngildir um 238 milljörðum króna. Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki kínverskra stjórnvalda og samkeppnisyfirvalda í Noregi.

„Ef við horfum á þetta til einhverra ára verða engar breytingar hjá okkur tengdar þessu,“ segir Einar Þorsteinsson, forstjóri Elkem Ísland.

Hann óttast ekki að verksmiðjunni á Grundartanga verði lokað eða hún færð til Kína. Slíkt sé einfaldlega ekki fýsilegur kostur, auk þess sem verksmiðjan þjóni nær eingöngu mörkuðum í Evrópu.

„Við erum búin að vera í uppbyggingu hér á undanförnum árum eftir tímabil þar sem lítið var gert. Verksmiðjan hér er komin í ágætis stand og engin efni til að gera eitt né neitt,“ segir Einar.

Samkvæmt yfirlýsingu frá Orkla eru fjórir hlutar Elkem-samstæðunnar innifaldir í kaupunum: Elkem Silicon Materials, Elkem Foundry Products, Elkem Carbon og Elkem Solar. Orkla heldur hins vegar áfram eign Elkem Energi.

Kaupin munu ekki hafa tilfinnanleg áhrif á þær verksmiðjur sem Elkem hefur rekið, samkvæmt yfirlýsingu sem birt er á vef Orkla.

„Ég sé ekki að það breyti neinu fyrir okkur Íslendinga hvort fyrirtækið sé í eigu Kínverja eða Norðmanna, þetta er einn erlendur einkaaðili að selja öðrum erlendum einkaaðila,“ segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra.

„Við erum með okkar regluverk og þessir nýju eigendur þurfa að fylgja því, eins og Norðmennirnir hafa gert hingað til,“ segir Katrín. „Svo getur maður líka séð það jákvæða við þetta, að fyrirtæki á Íslandi skuli vera álitið góður fjárfestingarkostur. Það hljóta að vera jákvæðar fréttir fyrir okkur á Íslandi.“ **brjann@frettabladid.is**



**ÓBREYTT STARFSEMI** Forstjóri Elkem Ísland, sem rekur Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, segir ekkert benda til annars en að starfsemi í verksmiðjunni verði óbreytt þrátt fyrir nýja eigendur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Eignarhald á járnblendinu**




Skotárásirnar í Malmö:

# Kortlagði árásir á innflytjendur

**SVÍÞJÓÐ Sænska leyniskyttan í Malmö sem skaut á innflytjendur er talin hafa kortlagt sumar árásir sínar. Hinn 38 ára gamli Peter Mangs hefur verið ákærður fyrir þrjú morð og tíu morðtilraunir. Í fyrstu hélt lögreglan að árásir hans hefðu verið tilviljanakenndar.**

**Nýjar upplýsingar benda hins vegar til þess að hann hafi í sumum tilfellum að minnsta kosti fylgst með fórnarlömbum sínum í einhvern tíma áður en hann lét til skarar skríða. Mangs notaði ýmis skotvopn í árásum sínum en aðallega þó 9 millimetra hálfsjálfvirka Glock-skammbyssu. - ót**

Læknir Jacksons skýrir frá:

# Lét lífið stuttu eftir svæfingu

**BANDARÍKIN, AP** Conrad Murray, læknir söngvarans Michaels Jackson, sagðist hafa nuddað fætur söngvarans, borið krem á bak hans og gefið honum svefnlyf án árangurs nóttina örlagaríku í júní síðastliðnum, þegar Jackson lést.



**CONRAD MURRAY**

Jackson gat ekki sofnað, svo undir morgun gaf Murray honum svæfingarlyfið propofol í æð og fylgdist með honum sofna. Síðan brá lækninn sér frá stutta stund, en þegar hann sneri aftur var Jackson hættur að anda.

Þetta kom fram við réttarhöld á mánudag, þegar lögreglumaður sem yfirheyrði Murray tveimur dögum eftir lát Jacksons skýrði frá framburði hans fyrir dómstólnum. **- gb**



**JULIAN ASSANGE** Fyrir utan dómstól í London í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Assange andmælir Svíum:

# Birtingu leyniskjala hraðað

**BRETLAND, AP** Julian Assange segir að birtingu leyniskjala, bæði frá bandarískum sendiráðum og öðrum leyniskjölum, verði hraðað á vefsíðum Wikileaks á næstunni.

Hann kom fyrir rétt í London í gær, þar sem hann berst gegn því að verða framseldur til Svíþjóðar vegna ásakana um kynferðisbrot.

Lögmenn Assange halda því fram að sænski saksóknarinn misnoti aðstöðu sína. Veruleg hætta sé á því að verði Assange framseldur til Svíþjóðar verði hann þaðan framseldur til Bandaríkjanna, þar sem hann gæti átt yfir höfði sér harða refsingu, jafnvel dauðadóm. **- gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Hékk í landfestum skips

Lögreglan í Vestmannaeyjum þurfti að láta mann einn sofa úr sér í fangaklefa nýverið. Hann hafði gert sér það að leik að hanga í landfestum Álseyjar VE og kom sjálfum sér þannig í talsverða hættu. Ekki var annað fært en að vista hann í fangageymslu þar til víman rann af honum.




Bæjarstjóri segir Kópavog stefna að því að verða fremstan í þjónustu við fatlaða:

# Mismunun ef blindir fengju leigubíl

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við erum að taka yfir þennan málaflokk frá ríkinu og ætlum okkur að skara fram úr í þjónustu við fatlaða til lengri tíma,“ segir Guðrún Pálsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hafnar Kópavogsbær því að niðurgreiða leigubílaakstur fyrir Odd Stefánsson, blindan pilt í bænum. Oddi stendur til boða eins og öðrum fötluðum í Kópavogi að aka með ferðaþjónustu sem verktaki sinnir fyrir bæinn. Blindir íbúar annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fá langflestir niðurgreiddan leigubílaakstur í samstarfi við Blindrafélagið. Oddur hefur kært synjun Kópavogsbæjar til sérstakrar úrskurðarnefndar.

„Við erum að uppfylla lögbundna þjónustu,“ segir Guðrún sem kveður það ekki rétt sem Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins, hafi haldið fram að bæði fyrrverandi og núverandi meirihluti í Kópavogi hafi algerlega hunsað óskir um úrbætur og félagið ekki fengið fundi með ráðamönnum.

„Ég fundaði með Kristni og öðrum aðila frá Blindrafélaginu. Það hafa komið erindi frá þeim um við tækjum upp sama fyrirkomulag og Hafnarfjörður og Reykjavík hafa með leigubílana. Því var hafnað, bæði í vor og í haust á grundvelli þess að við vildum ekki mismuna fötluðum eftir því hvort þeir væru blindir eða fatlaðir á annan hátt,“ segir bæjarstjórinn. **- gar**



**GUÐRÚN PÁLSDÓTTIR** Bæjarstjórinn segir Kópavogsbæ nú vera að móta stefnu til fjögurra ára í málefnum fatlaðra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FJARKENNSLA

FRÁ BYRJENDUM TIL SÉRFRÆÐINGA



# Innritun hafin...

Vorönn 2011

## Skrifstofuskólinn

### Skrifstofunám

Viðamikið og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins. Nám fyrir fólk á öllum aldri sem þarf að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með eftirsóttri menntun og færni. Að loknu námi á þessari braut eiga þátttakendur að vera færir um að vinna sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur, ritarar og við bókhald. Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi (alþjóðleg próf) eða verkefni.

**Tölvugreinar:**
Windows, ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint, Outlook tölvupóstur, skipulag og dagbók. Stafrænar myndir og myndvinnsla.

**Viðskiptagreinar:**
Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald, tollskýrslugerð.

**Persónuleg færni:**
Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Verslunarbréf , íslensk og ensk. Sölutækni og markaðsmál.

**Hefst 7. feb. Morgun og kvöldhópar með möguleikanum að skipta milli eftir hentugleikum.**
**Lengd: 260 std. (13 einingar) Verð kr. 199.000,-**

### Tölvu og bókhaldsnám

Sérlega gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar strax árangri.
Námsbrautin skiptist í tölvugreinar og viðskiptagreinar.
Hægt er að taka þátt í fjarkennslu. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu.

**Hefst 7. feb. Morgun og kvöldhópar með möguleikanum að skipta milli eftir hentugleikum.**
**Lengd: 210 std. (10 einingar) Verð kr. 153.000,-**

### Stök námskeið

**Bókhald 1** Lengd 100 std. Verð kr. 109.000,- Hefst 14. mars

**Bókhald 2** Lengd 90 std. Verð kr. 98.000,-

**Navision – fjárhagsbókhald (Microsoft Dynamics NAV)**
Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 15. apríl

**Tollskýrslugerð** Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,-

## Vefur, grafík og myndvinnsla

### Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag: Photoshop, Illustrator og InDesign.
**Lengd 105 std. Verð kr. 129.000,- Hefst 1. febrúar**

### Myndbanda- og tæknibrellugerð

Skemmtilegt og gagnlegt nám fyrir þá sem vilja læra eftirvinnslu og klippingar myndbanda ásamt hönnun og gerð tæknibrella. Einnig eru tekin fyrir grunnatriði hreyfimyndagerðar. Unnið verður í Photshop, Premiere Pro og After Effects.
**Lengd: 100 std. Verð kr. 119.000,- Hefst 10. febrúar**



### Vefsíðugerð

Photoshop og Dreamweaver.
**Lengd 47 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 2. febrúar**

| Stök forrit | Hefst | Lengd | Verð |
|---|---|---|---|
| Photoshop | 2. feb | 21 std | 27.000,- |
| Dreamweaver grunnur | 16. feb | 26 std | 29.000,- |
| Dreamweaver frh | 21. mar | 21 std | 27.000,- |
| Flash | 7. mar | 21 std | 27.000,- |
| Illustrator | 19. feb | 31 std | 44.000,- |
| InDesign | 8. mar | 31 std | 44.000,- |
| WordPress – Vefurinn minn | 16. feb | 26 std | 29.000,- |
| Stafrænar myndavélar & Picasa | 15. feb | 16 std | 18.000,- |

## Almenn tölvunámskeið

### Almennt tölvunám

Windows – Word – Excel - Internet – Outlook
**Lengd 60 std. Verð kr. 49.000,- Hefst 7. febrúar morgun og kvöldhópar**

| Stök forrit | Hefst | Lengd | Verð |
|---|---|---|---|
| Word 2007 & 2010 | 9. feb | 21 std | 27.000,- |
| Excel 2007 & 2010 | 21. feb | 21 std | 27.000,- |
| Excel frh. Stjórn & skipulag | 15. feb | 14 std | 27.000,- |
| Outlook 2007 & 2010 | 4. mar | 10 std | 15.000,- |
| PowerPoint 2007 & 2010 | 9. mar | 10 std | 15.000,- |

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • tsk@tsk.is • www.tsk.is

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvaða bæjarfélag hefur nú lokað lögreglustöð sinni?*

2 *Hvaða fisktegund eðlaði sig í Sæheimum í Vestmannaeyjum í vikunni?*

3 *Hvað heitir bandaríski sendiherrann á Íslandi?*

**SVÖR**

*1. Búðardalur 2. Steinbítur 3. Luis E. Arreaga*

Sjálfstæðismenn vilja að borgarlögmaður fari yfir hlutverk mannréttindaráðs:

# Hlutverk mannréttindaráðs óljóst

**STJÓRNSÝSLA** Fulltrúar sjálfstæðismanna í borgarráði munu leggja fram fyrirspurn á borgarráðsfundi á morgun um lagalega endurskoðun á hlutverki mannréttindaráðs Reykjavíkur.

Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir mannréttindaráð ekki hafa stefnumarkandi hlutverk og því síður boðvald yfir öðrum ráðum borgarinnar. Hann vísar þar í þriðju grein samþykktar ráðsins, þar sem segir meðal annars að ráðið sé fagsviðum til samráðs og ráðgjafar um forgangsröðun verkefna á sviði mannréttindamála. Júlíus bendir á að ráðið eigi ekki að taka stefnumótandi ákvarðanir gagnvart öðrum ráðum innan borgarinnar og vísar þá sérstaklega í þá ákvörðun ráðsins um breytingar á samskiptum leik- og grunnskóla við trúfélög og lífskoðanahópa. „Menntaráð hefur ákveðið hlutverk lögum samkvæmt og í mínum huga er það vald algjörlega skýrt. Mannréttindaráð hefur hlutverk samkvæmt samþykktum borgarinnar,“ segir Júlíus. „Við munum óska eftir því að borgarlögmaður fari yfir þessi mál.“



**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON**

Meirihluti mannréttindaráðs lagði til breytingar á samstarfi skóla og trúfélaga í lok síðasta árs og hefur málið nú fengið umsagnir hjá menntaráði og íþrótta- og tómstundaráði. Breytingarnar fólu meðal annars í sér að heimsóknum presta í skóla yrði hætt, líkt og heimsóknum barna í kirkju í trúarlegum tilgangi. **- sv**

Lögmaður O.J. Simpson:

# Enn sannfærður um sakleysi

**BANDARÍKIN, AP** F. Lee Bailey, einn af lögmönnum O.J. Simpson, segir að mikilvæg sönnunargögn, sem ekki voru notuð við réttarhöldin yfir Simpson árið 1995, hefðu sýnt að hann væri saklaus af morðinu á fyrrverandi eiginkonu sinni og elskhuga hennar.

Bailey hefur birt greinargerð um morðmálið. Hann segir að fjögur mikilvæg vitni hafi aldrei verið kölluð fyrir réttinn, þar á meðal maður sem hugsanlega hafi séð tvo menn, sem líklega hafi orðið parinu að bana. **- gb**






**DÖGG PÁLSDÓTTIR LÖGMAÐUR** Lögmaður hjónanna segir það alls óvíst hvenær fjölskyldan komist heim til Íslands, þar sem útgáfa vegabréfs fyrir Jóel strandi hjá fyrirspurnum ráðuneytisins til indverskra stjórnvalda.

# Ráðuneytið vísar á stjórnvöld erlendis

**Innanríkisráðuneytið hefur óskað eftir gögnum frá Indlandi vegna Jóels Færseth. Óvíst er hvenær indversk stjórnvöld svara. Alþingi hefur veitt drengnum ríkisborgararétt en hann fær ekki vegabréf.**

**STJÓRNSÝSLA** Innanríkisráðuneytið hefur óskað eftir gögnum frá Indlandi sem varða Jóel Færseth Einarsson, sem fékk íslenskan ríkisborgararétt í lok síðasta árs. Þrátt fyrir það hefur drengurinn enn ekki fengið vegabréf til að snúa heim til Íslands. Fulltrúar ráðuneytisins vildu ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið, en yfirlýsing var birt á vef þeirra í gær.

„Íslensk stjórnvöld sendu í lok desember, erindi til indverskra yfirvalda þar sem óskað er tiltekinna upplýsinga sem ætlað er að greiða úr óvissu um réttarstöðu barnsins, hvað varðar ríkisfang og hvort hin íslensku hjón fari með forsjá þess að indverskum lögum,“ segir meðal annars í yfirlýsingu ráðuneytisins. „Þessar upplýsingar hafa ekki borist en þegar afstaða indverskra yfirvalda liggur fyrir er vonast til að unnt verði að afhenda íslensku hjónunum vegabréf barnsins.“

Jóel fæddist á Indlandi í nóvember síðastliðnum. Foreldrar hans, þau Einar Þór Færseth og Helga Sveinsdóttir, fengu hjálp indverskrar staðgöngumóður sem gekk með barnið fyrir þau. Staðgöngumæðrun er ólögleg hér á landi, en engin lög eru til um hana á Indlandi.

Dögg Pálsdóttir, lögmaður hjónanna, segir alls óvíst hvort eða hvenær indversk stjórnvöld verði við beiðni ráðuneytisins.

Fyrirspurnin felur meðal annars í sér endanlega staðfestingu á því að Helga og Einar fari með forsjá barnsins, en einnig hvort Jóel hafi við fæðingu einnig fengið indverskan ríkisborgararétt. Þá vill ráðuneytið fá staðfestingu á því að Einar sé í raun líffræðilegur faðir barnsins. Á fæðingarvottorði Jóels, sem er gefið út af yfirvöldum í Maharashtra-ríki á Indlandi, eru Helga og Einar skráðir foreldrar hans. Vottorðið hefur verið staðfest af utanríkisráðuneyti Indlands. Innanríkisráðuneytið hefur ekki staðfest við Dögg hvers vegna vottorðið sé ekki nægilegt til að veita barninu vegabréf, að auki sé Alþingi búið að veita Jóel íslenskan ríkisborgararétt.

„Ég hef ekki hugmynd um hvort eða hvenær indversk stjórnvöld munu svara þessari fyrirspurn,“ segir Dögg. „Á meðan ráðuneytið ætlar að láta þetta stýra vinnubrögðum í málinu, er alls óvíst hvenær þau komast til Íslands með barnið.“

**sunna@frettabladid.is**

### Úr bréfi ráðuneytis til Daggar Pálsdóttur

Innanríkisráðuneytið
Reykjavík 7. janúar 2011

„Íslensk yfirvöld geta ekki staðfest að indverska fæðingarvottorðið […], gefið út þann 24. nóvember 2010 af Government of Maharashtra, […], feli efnislega í sér að umbjóðendur yðar séu löglegir foreldrar barnsins að indverskum rétti eða að vottorðið staðfesti að þau hjón fari með forsjá þess að indverskum rétti.“

„Fæðingarvottorðið er ekki viðurkennt hér á landi sem staðfesting á því að hjónin séu löglegir foreldrar barnsins að íslenskum rétti og að þau fari með forsjá barnsins að íslenskum rétti, enda telst kona sem elur barn vera móðir þess samkvæmt íslenskum lögum, og sé hún í hjúskap, eiginmaður hennar faðir þess.“

„Ráðuneytið hefur á hinn bóginn farið þess á leit við utanríkisráðuneytið að það afli tiltekinna upplýsinga frá indverskum yfirvöldum. Að þeim fengnum mun afstaða indverskra yfirvalda liggja fyrir til þess hvort umrædd hjón fari með forsjá barnsins að indverskum rétti.“






SÍBS

# VINIR VINNA
# VERTU VINUR

**Tryggðu þér vinanúmer núna á sibs.is eða í síma 552 2150**

## DRÖGUM Á FÖSTUDAGINN

SÍBS-vinir standa að baki endurhæfingar að Reykjalundi
sem byggir upp fólk eins og þig eftir sjúkdóma eða slys

500 milljónir í verðlaunapottinum þetta árið,
aðeins 1100 kr. miðinn
– vertu með, þú veist aldrei nema röðin sé komin að þér

HAPPDRÆTTI SÍBS *... fyrir lífið sjálft*

H:N markaðssamskipti / SÍA



**TEKNAR Í TÖLU FULLORÐINNA** Tvítugar japanskar stúlkur skemmta sér í rússíbana í Tókýó í tilefni aldursins, því tvítugar teljast þær fullorðnar í Japan. NORDICPHOTOS/AFP

Búist er við því að aðgerðir stjórnvalda leiði til þess að Íbúðalánasjóður eignist færri íbúðir á árinu:

# Íbúðalánasjóður átti 1.070 íbúðir um áramótin

**VIÐSKIPTI** Íbúðalánasjóður keypti 723 íbúðir á nýliðnu ári og átti 1.070 íbúðir um áramótin. Þetta er þrjátíu íbúðum minna en áætlanir sjóðsins gerðu ráð fyrir. Þetta er rétt rúmlega þrefalt fleiri íbúðir en sjóðurinn átti í lok árs 2009 en þá átti hann 347 íbúðir.

Ásta H. Bragadóttir, fráfarandi aðstoðarframkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, segir niðurstöðuna nokkurn veginn á áætlun. Hún gerir ráð fyrir að aðgerðir stjórnvalda um lausn á skuldavanda heimilanna muni skila sér í því að sjóðurinn eignist færri íbúðir á þessu ári en í fyrra. Þá er búist við að fyrirhugað kaupleigukerfi valdi því að íbúðum í eigu Íbúðalánasjóðs fækki á árinu.

Gert er ráð fyrir að Íbúðalánasjóður eigi 882 íbúðir um næstu áramót. „Við höfum ekki formlega endurskoðað þær áætlanir," segir Ásta.

Staða sjóðsins var slæm skömmu fyrir áramótin. Eigið fé hans nam 10,1 milljarði króna í lok árs 2009 og stóð eiginfjárhlutfallið þá í 3,0 prósentum. Um mitt síðasta ár var eigið féð komið í 8,4 milljarða og stóð eiginfjárhlutfallið í 2,1 prósenti. Það á lögum samkvæmt að vera 5,0 prósent.

Alþingi samþykkti fyrir mánuði að bæta eiginfjárstöðu sjóðsins og veita til hans 33 milljarða króna. Upphæðin færist í ársreikning fyrir nýliðið ár. Vinna við gerð reikningsins stendur nú yfir. - jab



**HÚS Í BYGGINGU** Íbúðalánasjóður eignaðist 723 íbúðir á nýliðnu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




Samdráttur hjá vogunarsjóði:

## Fá hundrað milljónir í arð

**VIÐSKIPTI** Vogunarsjóðurinn Boreas Capital hagnaðist um rúmar 26 milljónir króna árið 2009. Þetta er talsverður samdráttur á milli ára en árið 2008 nam hagnaðurinn 102,3 milljónum. Eigendur fengu nær allan hagnaðinn í arð í fyrra, 96 milljónir króna.

Boreas Capital var stofnaður um mitt ár 2007. Eigendur hafa í gegnum tíðina tengst Björgólfi Thor Björgólfssyni og fjárfestingarbankanum Straumi. Þá fór Ragnar Þórisson, einn eigenda hans, með formanni Framsóknarflokksins til Noregs í október 2009 til viðræðna við þarlenda þingmenn um allt að 2.000 milljarða króna lánafyrirgreiðslu. - jab

Óku drukkin og dópuð:

## Nítján teknir við vímuakstur

**LÖGREGLUMÁL Nítján ökumenn voru teknir fyrir vímuakstur á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Fjórtán voru teknir fyrir ölvunarakstur og fimm ökumenn voru undir áhrifum fíkniefna við stýrið.**

**Hinir ölvuðu voru tólf karlmenn á aldrinum 20 til 50 ára og tvær konur, 19 og 39 ára. Tveir þessara ökumanna höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi og tveir til viðbótar hafa aldrei öðlast ökuréttindi.**

**Þeir sem óku undir áhrifum fíkniefna voru fjórir karlmenn á aldrinum 19 til 27 ára og ein kona um fertugt.** - jss

Bræla á miðunum:

## Loðnuvinnsla hafin að nýju

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuvinnsla er hafin að nýju á Vopnafirði eftir að Lundey NS kom þangað með um 680 tonn af loðnu í fyrrakvöld. Magnús Róbertsson, vinnslustjóri hjá HB Granda, segir að loðnan nú sé heldur smærri en sú sem barst til vinnslu fyrir áramótin en það muni ekki miklu. Góður hluti aflans henti til frystingar en það sem flokkist frá fari til bræðslu.

Greint er frá þessu á vefsíðu HB Granda. Þar segir að nú sé vika liðin frá því að Lundey NS fór til loðnuleitar í samræmi við áætlun Hafrannsóknastofnunar þar að lútandi og hófst leitin á Vestfjarðamiðum. Arnþór Hjörleifsson skipstjóri segir aðstæður til leitar hafa verið hinar verstu.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Friðarstillir laminn

Ein líkamsárárás var kærð til lögreglunnar í Vestmannaeyjum eftir skemmtanahald helgarinnar. Karlmaður sló konu í andlitið þannig að það brotnaði upp úr tönn og fylling í annarri losnaði. Hafði konan verið að stilla til friðar og endaði það með þessum afleiðingum.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur:

# Samningi við Álftanes rift

**ORKUMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur ákveðið að rifta samningi fyrirtækisins og Sveitarfélagsins Álftaness frá árinu 2007 um kaup, uppbyggingu og rekstur fráveitu Álftaness.

Orkuveitan segir að ástæðan sé verulegar vanefndir sveitarfélagsins á greiðslum til OR samkvæmt samningnum. Krafa OR á hendur sveitarfélaginu nemur um 90 milljónum króna.

Orkuveitan keypti fráveitu Álftaness í janúar 2007 á 57,5 milljónir króna. - jhh

Ný bandarísk rannsókn kann að gefa sköllóttum von um lækningu:

# Hársekkir sköllóttra skreppa saman

**HEILBRIGÐISMÁL** Ný rannsókn á eðli skallamyndunar hjá körlum ýtir undir vonir um að hægt verði að lækna skalla.

Bandaríski heilsuvefurinn MyHealthNewsDaily.com greinir frá nýrri rannsókn sem birt var fjórða þessa mánaðar í læknaritinu Journal of Clinical Investigation, en fyrir henni fór læknirinn George Cotsarelis, prófessor í húðlækningum við Pennsylvaníuháskóla í Bandaríkjunum.

Í rannsókninni er skallamyndun karla rakin til þess að stofnfrumur í höfuðleðri ná ekki að mynda hársekki þá sem rót hársins hvílir í. Dr. Cotsarelis bendir á að hársekkir í höfuðleðri sköllóttra séu samanskroppnir og örsmáir og að sérfræðingar hafi löngum talið að stofnfrumum fyrir hársekki hafi einnig fækkað í sköllóttum mönnum. Nýja rannsóknin sýni hins vegar fram á að sköllóttir hafi jafnmargar slíkar frumur og þeir sem hærðari eru. Ef hægt væri að örva stofnfrumurnar til þess að framleiða húð með hársekkjum þá mætti leysa vanda sköllóttra, er eftir lækninum haft.



**SKALLI** Skallamyndun er rakin til þess að stofnfrumur í höfuðleðri ná ekki að mynda hársekki þá sem rót hársins hvílir í.

„Ef hársekkjastofnfrumurnar sjálfar væru horfnar væri lækning þeim mun erfiðari,“ segir hann í viðtali við MyHealthNewsDaily. „En þetta er ekki ómögulegt. Það vekur von um árangur,“ segir hann og vonast til þess að örva megi húð sköllóttra og virkja samanskroppna hársekkina sem þar er að finna. - óká



**MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK** Skólinn mun ekki vera með sérbekk fyrir þá nemendur sem klára grunnskóla ári fyrr vegna lítillar aðsóknar. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

MR hættir með yngri bekk:

# Aðsókn of lítil til áframhalds

**MENNTAMÁL** Menntaskólinn í Reykjavík mun ekki hafa sérbekk fyrir þá nemendur sem ljúka grunnskóla fyrr á komandi skólaári. Slíkt hefur tíðkast á síðustu tveimur árum og segir Yngvi Pétursson rektor að verkefnið hafi gefist vel. Í ár hefur aðsóknin hins vegar verið svo lítil að ákveðið var að blása verkefnið af.

„Það verður að halda þessu kerfi áfram. Þeim nemendum sem hafa farið þessa leið, miðað við útkomurnar á jólaprófunum, hefur vegnað mjög vel,“ segir Yngvi. „Það hefur verið boðið upp á fleiri möguleika í grunnskólum, en nú virðist sem menn hafi ekki lengur áhuga á þessu.“ - sv

Höfundarréttargjald í Svíþjóð:

# Vilja nýtt gjald á harða diska og USB-lykla

**SVÍÞJÓÐ** **Samtök rétthafa í Svíþjóð vilja leggja höfundarréttargjald á utanáliggjandi tölvudiska og USB-minnislykla frá 1. apríl næstkomandi.**

**Gjaldið byggist á því að diskarnir og lyklarnir séu notaðir til að afrita höfundarréttarvarið efni. Upphæð gjaldsins á að miða við stærð diskanna eða lyklanna. Til að mynda mun um 2.700 króna gjald leggjast á 250 gígabæta utanáliggjandi disk.**

**Samtök seljenda rafeindabúnaðar í Svíþjóð andmæla gjaldtökunni harðlega og segja að minnislyklar og utanáliggjandi tölvudiskar séu að stórum hluta nýttir til að geyma efni sem eigendurnir hafa sjálfir búið til og enginn höfundarréttur er á. Búist er við að málið fari fyrir dóm.** - pg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Þrír óku af hratt

Af 114 ökutækjum sem mynduð voru í Hvalfjarðargöngum í fyrradag reyndist aðeins þremur ekið yfir löglegum hraða. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið í norðurátt. Hinir brotlegu óku á 84 kílómetra hraða að meðaltali en þarna er 70 kílómetra hámarkshraði.




# Þjónusta við fatlað fólk í Reykjavík

**Frá áramótum ber Reykjavíkurborg ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík skv. lögum nr. 152/2010 um málefni fatlaðs fólks.**

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er leiðarljós Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk til framtíðar. Í því felst viðurkenning á sjálfstæðu lífi á eigin forsendum, jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, réttur til aðstoðar við að lifa innihaldsríku lífi og viðurkenning á fjölbreytileika mannlífsins og mannréttindum allra.

Framkvæmd þjónustunnar er á þjónustumiðstöðvum Velferðarsviðs í hverfum borgarinnar. Íbúar eru hvattir til að vera í beinu sambandi við sína þjónustumiðstöð með allar spurningar og ábendingar sem upp kunna að koma.

Þjónustumiðstöðvar:

**Árbæjar og Grafarholts**, Hraunbæ 115, sími 411-1200

**Breiðholts**, Álfabakka 12, sími 411-1300

**Grafarvogs og Kjalarness** (Miðgarður), Langarima 21, sími 411-1400

**Laugardals og Háaleitis**, Síðumúla 39, sími 411-1500

**Miðborgar og Hlíða**, Skúlagötu 21, sími 411-1600

**Vesturbæjar** (Vesturgarður), Hjarðarhaga 45-47, sími 411-1700

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á vef borgarinnar www.reykjavik.is.

Hjá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar fást upplýsingar um starfsemi borgarinnar. Sími: **411 1111**.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



**ÚTI AÐ GANGA** Sascha Prehn með gæludýrið sitt á göngutúr í heimabæ sínum, Berkentin í norðanverðu Þýskalandi. Eftir að bæjarbúar fóru að kvarta hefur Prehn gætt þess að fara einkum fáfarnari götur með tígrisdýrið, sem heitir Sina. NORDICPHOTOS/AFP

Icelandair flutti 1,5 milljónir farþega 2010 sem er 14,4 prósentum meira en árið áður:

# Sætanýting Icelandair aldrei verið betri

**VIÐSKIPTI** Farþegum fjölgaði um 14,4 prósent hjá Icelandair milli áranna 2009 og 2010 að því er fram kemur í tilkynningu félagsins til Kauphallar Íslands. Alls flutti félagið í fyrra 1,5 milljónir farþega.

„Sætanýting Icelandair í reglulegu áætlunarflugi á síðasta ári var sú besta í sögu félagsins eða 78,4 prósent, sem er 3,4 prósentustigum betri en árið á undan þegar hún var 75 prósent,“ segir jafnframt í tilkynningunni og árangurinn þakkaður nákvæmari stýringu og eftirliti.

Fram kemur að í fyrra hafi orðið nokkur breyting á hlutföllum markaðshópa félagsins. „Farþegar til Íslands og frá Íslandi voru ámóta margir og árið á undan, en farþegum á leið um Keflavíkurflugvöll milli heimsálfanna fjölgaði um 51 prósent og voru tæplega 40 prósent af heildinni.“ Haft er eftir Birki Hólm Guðnasyni, framkvæmdastjóra Icelandair, að þótt eldgosið í Eyjafjallajökli hafi reynt verulega á sveigjanleika og rekstur félagsins hafi það styrkt stöðu sína. „Og þar skipti Inspired by Iceland-átakið miklu máli,“ segir hann.

Icelandair ætlar enn að auka sætaframboð sitt, nú um 17 prósent. „Og ef að líkum lætur mun farþegum fjölga um 250 þúsund og fara í rúmlega 1,7 milljónir, og verða fleiri en nokkru sinni áður,“ segir í tilkynningu félagsins. - óká



**Í BÍÓSAL LOFTLEIÐA** Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, kynnir fjárfestum stöðu félagsins á fundi í nóvember síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**Lingaphone námskeið**

Óska eftir að kaupa íslenskt enskt lingaphone námskeið sem samanstendur af einni stórri kennslubók innbundin sem kilja sem á stendur íslenskt enskt lingaphonenámskeið. Námskeiðið samanstendur af kennslubók, kassettum og tösku undir námskeiðið. Ég borga 50.000 kr fyrir námskeiðið. Björgvin Ómar Ólafsson s. 865-7013.

**Heilsuátak með aukinni fiskneyslu**

Fiskfars 550 kr.kg
Fiskhakk 790 kr.kg
Nýjar og nætursaltaðar kinnar 790 kr.kg
Ýsuflök með roði 1.390 kr.kg
Fiskréttir í sósu 1.390 kr.kg

Stór og falleg flök, ekki einhverjir smátittir eins og fást í ákveðinni verslun.

Karrýkókós, Mangósósa, Tikka masalasósa, Sinneps og graslaukur, Hvítlaukspiparsósa og fleiri og fleiri.

GELLUR OG KINNAR

HROGN OG LIFUR

Sjáumst eldhress á eftir, við erum tilbúnir að taka á móti mikilli traffík. Stutt bið, þó svo það eru 30 manns í röð.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Við gerum Vínbúðina Skeifunni fallegri og betri

Opnum aftur 10. febrúar

Vínbúðin Skeifunni verður lokuð til **10. febrúar** vegna endurbóta.

VÍNBÚÐIN


# Skógræktarfélagið hvetur til mótmæla

**Skógræktarfélag Íslands hefur sent rúmlega sextíu aðildarfélögum bréf þar sem þau eru hvött til að mótmæla drögum að frumvarpi til breytinga á lögum um náttúruvernd. Ný lög eru sögð skaða skógrækt á Íslandi stórlega til frambúðar.**

**UMHVERFISMÁL** „Gangi frumvarpið óbreytt í gegn mun það skaða skógrækt á Íslandi stórlega til frambúðar.“

Svo segir í bréfi sem Skógræktarfélag Íslands hefur sent aðildarfélögum sínum um allt land, 61 talsins. Tilefnið er framkomin drög að frumvarpi til breytinga á lögum um náttúruvernd, sem umhverfisráðherra hefur kynnt. Skógræktarfélagið hvetur aðildarfélögin í bréfinu til að mótmæla drögunum.

„Ljóst er að ekkert samráð hefur verið haft við Skógræktarfélag Íslands né einstök aðildarfélög þess af hálfu þeirrar nefndar sem samið hefur áðurnefndar frumvarpstillögur,“ segir enn fremur. „Ljóst er eftir aflestur frumvarpsins að það mun íþyngja mjög framkvæmd alls skógræktarstarfs í landinu.“

Þá segir að það virðist vera markviss tilgangur frumvarpsins að setja öllum „framandi lífverum“ meðal annars þeim trjátegundum, sem nú eru helst notaðar í skógrækt, skorður og hömlur, að því er virðist sakir þess að allar tegundir sem séu framandi gætu, í nánni eða fjarlægri framtíð, átt eftir að reynast ágengar og framandi lífverur.

„Í þessu sambandi ber að geta þess að 70% þeirra trjáa sem árlega eru gróðursett á Íslandi teljast „framandi lífverur“ í skilningi greinargerðar við frumvarpstillögurnar. Sömu aðilar og settu saman frumvarpstillögurnar hafa áður dæmt allar þær trjátegundir í flokk með „helstu ágengum og framandi tegundum á Íslandi“. Hafa þeir sent skrifstofu samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni lista yfir 20 „verstu og ágengustu framandi lífverur í íslensku lífríki“, segir í bréfinu.



**SKÓGRÆKTIN** Skógræktarfélag Íslands hvetur aðildarfélög sín til að mótmæla drögum að frumvarpi um náttúruvernd sem umhverfisráðherra hefur kynnt. FRÉTTABLADID/VILHELM

**70%** þeirra trjáa sem árlega eru gróðursett á Íslandi teljast „framandi lífverur“ í skilningi greinargerðar við frumvarpstillögurnar.

Þá er bent á að engin almenn sátt sé um það innan íslenska fræðasamfélagsins né annars staðar í samfélaginu um hvenær telja skuli lífveru framandi og hvenær innlenda. Komið verði á umfangsmiklu eftirlits-, skriffinnsku- og skattheimtukerfi þar sem allur innflutningur og ræktun framandi tegunda séu háð geðþótta og óskoruðu valdi eftirlitsstofnunar til leyfisveitinga. Auk þess verði ræktendum gert að vinna svokallað hættumat og greiða Umhverfisstofnun leyfisveitingu. Ráðherra fái heimild til að ganga þvert gegn stjórnarskrárvörðum eignarrétti og eyða tegundum á eignarlöndum samkvæmt mati eftirlitsstjórnvaldsins hverju sinni.

jss@frettabladid.is

Tekið á offituvanda í Bandaríkjunum með bættum merkingum kjötvöru:

# Kjöt merkt með fituinnihaldi

**BANDARÍKIN** Í byrjun næsta árs taka gildi í Bandaríkjunum nýjar reglur Matvælaeftirlits Bandaríkjanna (FSIS) sem gera framleiðendum skylt að upplýsa um næringargildi á umbúðum 40 algengustu kjöt- og fuglakjötstegunda í verslunum.

Greint er frá því á vef Landssambands kúabænda (naut.is) að með reglunum eigi að sporna við offitufaraldri í Bandaríkjunum. Hluti af því sé betri upplýsingagjöf um næringargildi matvöru.

Í tilkynningu FSIS er haft eftir Tom Vilsack, landbúnaðarráðherra Bandaríkjanna, að sífellt fleiri fjölskyldur þar í landi kalli eftir upplýsingum um næringargildi sem séu auðskiljanlegar og fljótlegt að kynna sér. „Við þurfum að beita öllum ráðum til að hjálpa neytendum að taka upplýstar ákvarðanir með hjálp slíkra merkinga,“ segir hann.

Fram eiga að koma upplýsingar um fjölda kaloría og heildarfituinnihald og skiptingu milli mettaðra og ómettaðra fitusýra.

„Athygli vekur að engar tilraunir verða gerðar til þess að upplýsa neytendur um hormónainnihald kjötsins, en eins og kunnugt er eru hinir umdeildu vaxtarhormónar leyfðir við nautakjötsframleiðslu í Bandaríkjunum,“ segir á vef Landssambands kúabænda. - óká



**KJÖT Á GRILLI** Framleiðendum í Bandaríkjunum verður brátt skylt að merkja kjötvörur með upplýsingum um næringargildi og fituprósentu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

BK
BALDONI
KITCHEN FURNITURE

*... eitt hagstæðasta verðið á markaðnum*

Allt að 40% afsláttur

+5% staðgr.afsláttur

# VANDAÐAR
## HÁGÆÐA ELDHÚS INNRÉTTINGAR


**LINE** Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, höldulaus


**COUNTRY** Glerhörð, kámfrí áferð
Fulningur - hvítt lakkað, háglans

til afgreiðslu af lager


**HORIZONTAL**
Spónlögð amerísk hnota


**DUCALE**
Ljós eik - innfelld handföng


**DUCALE** Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, innfelld handföng

## FATASKÁPAR
*Breiddir: 40, 50, 80 og 100 sm, hæð: 240 sm*

40% afsláttur

+5% staðgr. afsláttur



www.i-t.is

DRAUMA ELDHÚS

*Gerum ykkar hugmyndir að veruleika...*

INNRÉTTINGAR & TÆKI - *fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 9-18 • laugardaga kl. 11-15**

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað á að gera við undirskriftir tuga þúsunda sem fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu?

## Farveginn vantar


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Í Fréttablaðinu í gær birtist fróðlegt yfirlit um undirskriftasafnanir, þar sem tugir þúsunda hafa sett nafn sitt á blað eða vefsíðu til að tjá afstöðu sína til pólitískra deilumála. Sumar þessar undirskriftasafnanir hafa haft mikil áhrif. Sú sem fram fór undir merkjum Varins lands árið 1974 átti til dæmis áreiðanlega ríkan þátt í að þáverandi ríkisstjórn hvarf frá áformum um að varnarliðið færi úr landi. Aðrar, eins og þegar rúmlega 34.000 manns kröfðust þjóðaratkvæðagreiðslu um EES-samninginn árið 1992, höfðu engin áhrif á afgreiðslu eða niðurstöðu málsins.

Nú hafa tugir þúsunda manna skrifað undir bænaskjal um að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um eignarhald á orkuauðlindum og að hætt verði við sölu HS orku til Magma Energy, ef rétt er skilið. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra fagnaði undirskriftasöfnuninni á Facebook-síðu sinni í gær og lagði hana út sem stuðning við þjóðareign á auðlindum. Forsætisráðherrann sagði hins vegar ekkert um það hvort henni fyndist að verða ætti við þessari ósk. Og það er kannski engin furða.

Undanfarin ár hefur stuðningur farið mjög vaxandi við að kostir beins lýðræðis verði nýttir og ýmis mál lögð fyrir almenning í almennum atkvæðagreiðslum. Fyrsta þjóðaratkvæðagreiðslan á lýðveldistímanum, fór fram í fyrra þegar yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar hafnaði Icesave-samningnum, sem þá hafði verið gerður. Þá höfðu yfir 50.000 manns krafizt þjóðaratkvæðagreiðslu með undirskriftum, en það var þó ekki beinlínis vegna þeirrar kröfu sem efnt var til atkvæðagreiðslunnar, enda engin ákvæði í lögum eða stjórnarskrá um það hvernig ætti að fara með slíka undirskriftalista, heldur vegna þess mats forseta Íslands að því máli bæri að vísa til þjóðarinnar. Forsetinn hafði tekið sambærilega ákvörðun árið 2004, einnig að undangenginni undirskriftasöfnun, um að neita að staðfesta ný fjölmiðlalög. Þáverandi ríkisstjórn og þingmeirihluti ákváðu hins vegar að draga lögin til baka og engin atkvæðagreiðsla var haldin. Þannig er það ekki ávísun á þjóðaratkvæðagreiðslu, þótt margir kjósendur skori á forsetann að neita að staðfesta lög.

Kjarni málsins er sá að í stjórnarskrá og löggjöf Íslands vantar enn öll ákvæði um það hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram, til dæmis hverjir og hversu margir geti krafizt hennar, hvers konar mál eigi erindi í þjóðaratkvæðagreiðslu, hvernig beri að orða tillöguna sem greiða eigi atkvæði um, hvaða kröfur eigi að gera til undirskriftalista ef þeim er til að dreifa, hvernig eigi að sannreyna undirskriftirnar og þar fram eftir götunum. Eðlilegast hlýtur að vera að um þetta gildi skýrar reglur, þannig að það sé ekki lagt í mat eins manns hvort ástæða sé til að vísa málum í þjóðarakvæði. Í ríkjum þar sem hefð er fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum er þetta fyrirkomulag með mjög mismunandi hætti og margvísleg sjónarmið koma við sögu.

Það er eitt mikilvægasta verkefni stjórnlagaþingsins, sem senn kemur saman, að móta farveginn sem kröfur almennings um almennar atkvæðagreiðslur eiga að fara eftir. Fyrr en því verki er lokið, er ótímabært að taka ákvarðanir um slíkar atkvæðagreiðslur.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

**Gítarnámskeið**

**12 einkatímar fyrir alla aldurshópa**

**Hefst 24. janúar**

**innritun er hafin í síma 581 1281**

**www.gitarskoli.is**
**gitarskoli@gitarskoli.is**


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ásmundur fer í lyftu

Ásmundur Einar Daðason fór í lyftu í fyrrakvöld og hafði vonandi gaman af. „Nú fer lyftan niður, hún fór upp í dag," svaraði Ásmundur réttilega spurður um ágreining í þingflokki Vinstri grænna. Það virðist vera orðin lenska í illsveigjanlegri armi flokksins að svara spurningum út í hött. Atli Gíslason talar latínu og neitar að skýra það frekar. Jón Bjarnason þusar um að það rigni sandi og fálmar eftir ráðherrabílnum sínum. Svona útúrsnúningar eru ekki nýlunda í íslenskum stjórnmálum. Einu sinni fór fyrrverandi stjórnmálamaður að tala um fótboltalið Huddersfield þegar hann var spurður um Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson.

### Gleymda krafan



Fleiri gerðust sekir um rugl í fyrrakvöld. Árni Þór Sigurðsson þóttist ekki kannast við að hann hefði verið krafinn um opinbera afsökunarbeiðni af hluta þingflokksins. Samt er krafan býsna skýr í yfirlýsingu sem lögð var fram á fundi þingflokksins fyrir viku, send fjölmiðlum og birt á netinu. Það má slá því föstu að Árni hafi lesið hana. En hann er kannski búinn að gleyma henni.

### Málefnin

Og svo er það Ögmundur Jónasson. Hann furðar sig á því að fjölmiðlar vilji ekki ræða málefnin sem voru til umræðu á þingflokksfundinum en einblíni á deilur manna. Látum liggja á milli hluta að þingflokksfundur er tæpast rétti vettvangurinn til að leiða til lykta grundvallarágreining í heilum flokki um stefnu ríkisstjórnar. Hitt er annað mál að það hefur hingað til ekki verið auðsótt að fá efnislegar upplýsingar um hvað er rætt á fundum sem þessum. Ögmundi er guðvelkomið að segja frá því í smáatriðum. **stigur@frettabladid.is**

## HALLDÓR




## Enn er neyð á Haítí


Haítí



Anna Stefánsdóttir

formaður Rauða Kross Íslands


Nú, ári eftir jarðskjálftann sem lagði Port-au-Prince höfuðborg Haítí í rúst þann 12. janúar 2010, eru húsarústirnar enn á sínum stað. Rúmlega milljón manns býr í tjöldum. Fréttir berast af ofbeldisverkum, sérstaklega gagnvart konum. Kólerufaraldur geisar. Hafa raunir þessarar þjóðar engan endi?

Þó að ástandið á Haítí sé nöturlegt enn þá hefur neyðaraðstoð komið í veg fyrir enn þá alvarlegri afleiðingar skjálftans. Og, sem ekki er minna um vert, þá hefur gjafmildi alþjóðasamfélagsins tryggt að fjármunir eru til staðar í uppbygginguna, sem vonandi fer brátt að ganga hraðar.

Rústabjörgunarsveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar sýndi okkur Íslendingum hversu miklu þrautþjálfaður hópur manna með afmarkað starfssvið getur áorkað þegar brugðist er við hratt og örugglega. Sendifulltrúar Rauða kross Íslands hafa einnig unnið þrekvirki, einkum við umönnun sjúkra og slasaðra og útvegun vatns og hreinlætisaðstöðu.

Starfið heldur áfram. Fyrir tilstilli almennings og íslenskra stjórnvalda, sem hafa lagt fram fé til hjálparstarfs Rauða krossins, er hópur haítískra sjálfboðaliða núna að fræða fórnarlömb jarðskjálftans um mikilvægi hreinlætis til að hefta útbreiðslu kóleru, sem hefur þegar dregið 3.000 manns til dauða. Við hjá Rauða krossi Íslands gerum ráð fyrir að hlúa áfram að þurfandi fólki á Haítí næstu tvö árin.

Margar hendur vinna létt verk. Á vegum Rauða kross félaga víða í heiminum hafa 172 þúsund fjölskyldur á Haítí fengið efni til að koma sér upp skjóli, 216 þúsund manns hafa notið heilbrigðisþjónustu og 317 þúsund manns fá daglega drykkjarvatn frá Rauða krossinum.

Oft hættir okkur til að einblína á það sem miður fer. Og það er hvergi auðveldara en á Haítí. En þá er gott að hafa í huga að þjóðir heims hafa lofað miklum fjárhæðum til endurreisnarinnar. Þó að hún hafi enn ekki hafist að ráði þá eru nú stofnanir og fjármunir til staðar.

Ef allt fer eftir okkar björtustu vonum þá verður ekki bara byggt upp eftir jarðskjálftann heldur verður Haítímönnum hjálpað að bæta sitt samfélag til langrar framtíðar. Á meðan munum við hjá Rauða krossinum halda áfram að vinna með okkar fólki á Haítí við að draga úr neyðinni, sem er svo sannarlega enn til staðar.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Áskorun til dómsmálaráðherra

**Kynferðisbrot**

**Nítján einstaklingar**
skora á dómsmálaráðherra

Merkilegt ár í sögu kvenréttinda á Íslandi er nú að baki, en árið 2010 voru 95 ár frá því konur fengu kosningarétt í alþingiskosningum, 35 ár frá fyrsta kvennafrídeginum, 30 ár frá kjöri Vigdísar Finnbogadóttur og 20 ár frá stofnun Stígamóta svo nokkrir áfangar séu nefndir. Við undirrituð teljum rétt að líta yfir stöðuna á þessum tímamótum. Með það í huga lýsum við yfir þungum áhyggjum af brotalömum innan réttarvörslukerfisins hér á landi. Á árunum 2006-2009 voru rúmlega 70% kærðra nauðgunarmála felld niður hjá embætti ríkissaksóknara. Mun algengara er að kærur vegna nauðgana séu felldar niður en kærur vegna annarra hegningarlagabrota. Sem dæmi má nefna að árið 2006 voru 40% annarra hegningarlagamála felld niður, en 73% nauðgunarmála. Árið 2008 voru 24% annarra hegningarlagamála felld niður, en 69% nauðgunarmála.

Þessi háa tíðni niðurfellinga á nauðgunarmálum er vísbending um brotalöm í meðferð þeirra. Ýmsar alþjóðlegar stofnanir, svo sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna, auk nefndar um afnám misréttis gegn konum (CEDAW), hafa lýst yfir áhyggjum af misræminu hér á landi, milli fjölda kærðra nauðgana sem berast lögreglu, fjölda ákæra sem gefnar eru út hjá embætti ríkissaksóknara, og að lokum fjölda sakfellinga. Á undanförnum árum hafa fleiri brotaþolar kært nauðgun en tíðkaðist áður. Þó hafa fleiri kærur ekki leitt til fleiri sakfellinga og er það áhyggjuefni.

Nýlega var starfssvið kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu útvíkkað með þeim hætti að rannsókn ofbeldisbrota var bætt við skyldur hennar. Þessi breyting jók verulega álagið á starfsfólk deildarinnar sem getur ekki lengur helgað sig rannsókn kynferðisbrota. Því er full ástæða til að kanna hvort áðurnefnd útvíkkun hafi haft neikvæð áhrif á rannsókn kynferðisbrota.

Á undanförnum mánuðum hafa menn sem gegna lykilstöðum í opinberri meðferð kynferðisbrota tjáð sig um málaflokkinn í fjölmiðlum. Er það annars vegar Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, og hins vegar Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari. Ýmis samtök sem gæta hagsmuna þolenda kynferðisofbeldis hafa sagt ummæli þeirra trúnaðarbrest sem lýsa fordómum og þekkingarleysi á stöðu brotaþola í þessum málaflokki. Þrátt fyrir þetta höfðu ummæli þeirra ekki varanlegar afleiðingar. Björgvin var tímabundið færður til í starfi vegna ummæla sinna um ölvun og nauðganir, en var settur aftur í stöðu yfirmanns kynferðisbrotadeildarinnar þremur mánuðum síðar án þess að því fylgdu opinberar skýringar um hvers vegna hann teldist hæfur á ný.

Nauðsynlegt er að gera kröfu til faglegra vinnubragða af hálfu fólks í lykilstöðum innan réttarvörslukerfisins. Þegar það opinberar viðhorf sem eru til marks um ranghugmyndir eða vanþekkingu, er afleiðingin trúnaðarbrestur við samfélagið sem kerfið á að þjóna.

Þá gagnrýni sem hér hefur verið fjallað um, bæði frá alþjóðasamfélaginu og innlendum aðilum, ber að taka alvarlega. Óumdeilt þarf að vera að réttarvörslukerfið þjóni hagsmunum þeirra sem beittir eru órétti.

Við skorum á dómsmálaráðherra að endurreisa trú almennings á réttarvörslukerfinu með því að lagfæra þær brotalamir sem þar er að finna.

Við leggjum til að skipuð verði rannsóknarnefnd, undir forystu óháðs erlends sérfræðings, til að fara ofan í saumana á ferli nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins. Meta þarf hæfni og forsendur kerfisins til að fást við slíkt ofbeldi. Beina þarf sjónum sérstaklega að misræmi milli fjölda kæra sem berast lögreglu, fjölda ákæra sem gefnar eru út hjá embætti ríkissaksóknara og fjölda endanlegra sakfellinga. Einnig er ástæða til að gera úttekt á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga.

> Við skorum á dómsmálaráðherra að endurreisa trú almennings á réttarvörslukerfinu með því að lagfæra þær brotalamir sem þar er að finna.

Efla þarf fræðslu til fagstétta sem starfa að kynferðisbrotamálum og skýrar reglur þurfa að vera um hvernig skuli bregðast við í framtíðinni ef trúnaðarbrestur á sér stað. Þörf er á því að leggja viðhorfskannanir fyrir fólk, sem kemur að meðferð kynferðisbrota í starfi sínu, svo hægt sé að bera kennsl á og uppræta fordóma.

Síðast en ekki síst þarf að vera skýrt hvaða hagsmunir skuli ráða ferðinni. Við teljum mikilvægt að hagsmunir fólks sem verður fyrir grófum ofbeldisbrotum séu í fyrirrúmi svo það sjái tilgang í því að leita til réttarvörslukerfisins.

*Virðingarfyllst,*
*Andrés Ingi Jónsson*
*Anna Bentína Hermansen*
*Arnar Gíslason*
*Daði Arnar Sigmarsson*
*Edda Jónsdóttir*
*Grétar Rafn Árnason*
*Guðrún Margrét Guðmundsdóttir*
*Gyða Margrét Pétursdóttir*
*Hjálmar G. Sigmarsson*
*Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir*
*Hugrún Hjaltadóttir*
*Karl R. Lilliendahl*
*Katrín Anna Guðmundsdóttir*
*Matthías M. D. Hemstock*
*Ósk Gunnlaugsdóttir*
*Rósa Björk Brynjólfsdóttir*
*Snorri Ásmundsson*
*Víðir Guðmundsson*
*Þórdís Elva Þorvaldsdóttir*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






# Villuljós eða betri vegur?

Metanól

Gunnlaugur H. Jónsson
eðlisfræðingur



Nýlega skrifaði undirritaður grein sem hann nefndi Villuljós í orkumálum. Greininni svaraði Ómar Freyr Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri hjá Carbon Recycling International (CRI) með grein sem hann nefndi Af villigötum til betri vegar. Í upphafi greinarinnar segir Ómar að undirritaður gefi sér villandi forsendur og dragi af þeim rangar ályktanir. Þá segir hann að fjórum árum hafi verið varið í tækniþróun, markaðsrannsóknir og að treysta markaðsgrundvöll verkefnisins sem felist í því að framleiða vistvænt metanól til íblöndunar í bensín. Engar tölulegar upplýsingar eru hins vegar gefnar hvorki um framleiðsluna né verð á afurðinni. Ekkert af þessu stangast á við þær forsendur sem undirritaður hefur gefið sér: annað lögmál varmafræðinnar, samanber kenningu Carnot, hagfræðikenningar um verkaskiptingu, hverja vöru skuli framleiða á sem hagkvæmastan máta, verðið ráðist á markaði, orkulindir heimsins eru takmarkaðar.

Eðlisfræðin kennir að þegar varma, sem oftast er framleiddur með eldsneyti, er breytt í hreyfiorku/rafmagn er nýtnin fremur lág. Úr lághitasvæðum má fá varma sem hægt væri að breyta í rafmagn með 3-6% nýtni, samsvarandi nýtni háhitasvæða er 9-13%, nýtni bensínvéla er um 20% og dísilvéla 30%. Með vatnsaflsvirkjunum er stöðuorku vatnsins breytt í hreyfiorku og síðan í rafmagn með 95% nýtni. Rafmagni má enn fremur breyta í hreyfiorku með 95% nýtni. Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands benti á að varmadæla breytir einni KWh raforku í sex KWh af varma. Með rafmagni má ná 600% nýtingu við húshitun. Við bruna eldsneytis, olíu eða metanóls er nýtnin 90% til upphitunar. Raforka er mun verðmætari en efnaorka.

Af fréttatilkynningu CRI og Landsvirkjunar verður ekki ráðið að fjögurra ára rannsóknir hafi fastsett orkunýtnina í ferlinum, sem er einn mikilvægasti þátturinn í að meta hagkvæmni metanólframleiðslu. Þar segir orðrétt: „Hugsanleg orkuþörf verksmiðjunnar er 50-60 MW og myndi hún þá framleiða 50-100 milljónir lítra af metanóli á ári með hliðsjón af þeirri framleiðsluaðferð sem yrði notuð“. Eftir afli og nýtingartíma er orkuþörfin á bilinu 400 til 525 GWh. Eftir framleiðslumagni þarf því á bilinu 4 til 10,5 kWh til framleiðslu lítra af metanóli. CRI þarf að eyða þessari miklu óvissu um framleiðsluferlið samanber lokasetningu fyrri greinar: Bíðum róleg með frekari ákvarðanir um metanólframleiðslu þar til tilraunaverksmiðja CRI í Svartsengi hefur sannað sig fjárhagslega og tæknilega.

Hagfræðin og sagan kenna okkur að verð á hráefni og fullunninni vöru skiptir miklu máli. Áburðarframleiðslu í Gufunesi var hætt þegar verð á innfluttum áburði lækkaði og verð á raforku hækkaði. Mikið jarðgas fannst í Evrópu. Úr jarðgasi má á ódýran máta framleiða vetni sem er undirstaða framleiðslu ammoníaks sem er grunnefni í köfnunarefnisáburði. Sama má segja um metanól. Noregur hóf áburðarframleiðslu með raforku á nítjándu öld en hætti þeirri framleiðslu eins og við Íslendingar á tuttugustu öld. Framleiðslan var hvorki hagkvæm fjárhagslega né samkvæmt öðru lögmáli varmafræðinnar. Frændur okkar nota nú jarðgas til áburðarframleiðslu og sem undirstöðuhráefni í margan efnaiðað. Verðlag á markaði Norðurevrópu er nú (sjá: nordpoolspot.com): raforka, € 72,96 á MWh; jarðgas, €27,07 á MWh. Með öðrum orðum er verð á raforku þrefalt á við jarðgas. Hvernig skyldi standa á því? Tvær til þrjár orkueiningar gass þarf til framleiðslu einnar orkueiningar rafmagns og því verður ekki breytt samkvæmt öðru lögmáli varmafræðinnar. Furðulegt hvernig lögmál eðlisfræðinnar hefur bein áhrif á verðlag vöru sem stýrist af markaðslögmálum.

> Ef metanól er framleitt úr rafmagni með 75% nýtingu og metanólið síðan brennt í bensínvél með 20% nýtingu verður heildarnýtingin 15%.

Orkulindir heimsins eru takmarkaðar og þarf að nýta á hagkvæman hátt. Framleiðsla á olíu hefur líklega þegar náð hámarki og mun minnka á næstu árum. Sama mun gerast með jarðgas eftir um það bil 20 ár og kol eftir önnur 20 ár. Vegna þessa hækkar öll orka mikið í verði. Hvort sem litið er til hlýnunar jarðar eða takmarkaðra orkulinda er niðurstaðan sú sama. Það þarf að takmarka brennslu jarðefnaeldsneytis.

Í grein Ómars segir: „Í raun má segja að framleiðsla og notkun metanóls með þessum hætti sé eina raunhæfa leiðin til þess að nýta innlenda raforku til þess að knýja núverandi flota bensínbíla“. Hér greinir okkur Ómar á um markmið og leiðir. Markmiðið er ekki að knýja núverandi flota bensínháka. Markmiðið er að skipta núverandi bílaflota út með nýrri kynslóð sparneytinna bíla. Með því minnkar þörfin fyrir bensín um 70%. Ef metanól er framleitt úr rafmagni með 75% nýtingu og metanólið síðan brennt í bensínvél með 20% nýtingu verður heildarnýtingin 15%. Ef hins vegar rafmagnið er nýtt til þess að hlaða rafgeyma sem knýja bílinn er nýtingin fimm til sexfalt betri (75% til 90%). Rafbílarnir verða margir með bensín eða dísilvél til viðbótar við rafmótor til þess að tryggja akstur á lengri leiðum. Rafhlaðan dugir á skemmri leiðum, innan við 30 km.

Í lokin má benda á hugmyndir sem eru hagkvæmari en hugmynd CRI. Á öskuhaugum Álfsness verður til metan. Því er að mestu brennt engum til gagns. Metani mætti breyta í vistvænt metanól. Sama á við um flesta öskuhauga heimsins. Í skýrslu Orkustofnunar frá árinu 1980: Framleiðsla eldsneytis á Íslandi segir (bls. 34) að verði í framtíðinni mögulegt að framleiða járnblendi í lokuðum ofnum megi fá kolmónoxíð sem nægi til framleiðslu 52.800 tonna af metanóli. Kolmónoxíð sparar orku miðað við koltvísýring og eldsneytið þeim mun vistvænna. Búið er að stækka járnblendisverksmiðjuna á Grundartanga frá árinu 1980 og möguleikarnir því meiri. Áburður er innfluttur. Hann má framleiða á Íslandi með þekkri aðferð. Sú framleiðsla nyti fjarlægðarverndar og væri umhverfisvæn þar sem hún sparar mikla brennslu á jarðefnaeldsneyti í útlöndum og við flutninga. Útflutningur á metanóli frá Kröflu myndi hins vegar líða fyrir að verksmiðjan er langt frá markaðinum.

# Vanhæfur saksóknari - vond ákæra

Nímenningamálið

Einar Steingrímsson
stærðfræðingur



Það er nöturlegt að í einu af fyrstu sakamálunum í kjölfar hrunsins, þar sem aðalmeðferð fer fram í næstu viku, eru það ekki hrunvaldar sem dregnir eru fyrir dóm heldur níu mótmælendur, ákærðir fyrir glæp sem aldrei var framinn.

Lára V. Júlíusdóttir er settur saksóknari í Nímenningamálinu. Hún tók að sér starfið þótt hún hafi talsverð tengsl við Alþingi, sem er meintur brotaþoli. Lára sat á Alþingi (sem varamaður) á árunum 1987-90, og hún er kjörin af Alþingi sem formaður bankaráðs Seðlabankans. Lára skrifaði líka skrifstofustjóra Alþingis og „pantaði“ kæru vegna húsbrots, því annars væri ekki hægt að ákæra fyrir það. Það er því fráleitt að segja að hún sé óháð Alþingi.

Ef til vill veldur ofangreint ekki því að Lára sé sjálfkrafa vanhæf, en samkvæmt lögum er saksóknari vanhæfur ef „fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa“. Þar sem hér er um ákaflega umdeilt mál að ræða var vanhugsað af Láru að taka það að sér; grunsemdirnar um að hún sé fyrirfram hliðholl öðrum málsaðila munu aldrei hverfa, og það mun veikja traust almennings á réttarkerfinu.

> Það er erfitt að sjá þessa ákæru sem annað en heiftarlega árás ríkisvaldsins á frelsi til mótmæla.

Það bætir ekki úr skák að Lára ákvað, í trássi við niðurstöðu lögreglurannsóknar á málinu, að ákæra á grundvelli 100. greinar almennra hegningarlaga, sem fjallar um tilraunir til valdaráns, enda eru viðurlög að lágmarki eins árs fangelsi. Þessi ákæra er glórulaus, enda ljóst að ekkert slíkt vakti fyrir sakborningum, hvað þá að þeir hafi haft nokkra möguleika á að ógna „sjálfræði“ Alþingis. Það er erfitt að sjá þessa ákæru sem annað en heiftarlega árás ríkisvaldsins á frelsi til mótmæla, enda er ákæran sjálf til þess fallin að hræða fólk frá því að neyta mótmælaréttar síns. Yrði sakfellt verður það eitt ljótasta dómsmorðið í íslenskri réttarsögu.

Lára hefði aldrei átt að taka að sér saksókn í málinu vegna vanhæfis síns. Úr því sem komið er getur hún bara gert eitt til að forðast að setja ljótan blett á íslenska réttarkerfið, nefnilega að draga ákærurnar til baka. Geri hún það ekki mun þetta mál varpa ævarandi skugga á lögmannsheiður hennar.

NISSAN

QASHQAI

Nissan Qashqai hefur farið sigurför um Evrópu og verið mest seldi bíllinn í sínum flokki undanfarin misseri. Nú er komin glæný og mikið endurnýjuð útgáfa af þessum frábæra sportjeppa, sem líka má fá í 7 manna útfærslu, Qashqai+2. Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

Nánari upplýsingar á **www.nissan.is**

ÓBREYTT VERÐ!

Verð frá:
**4.990.000**
Eyðsla: **8.2 l/100 km**
$CO_2$ losun: **189 g/100 km**



NISSAN **JUKE**
Framhjóladrifinn, sjálfskiptur, 1.6 bensín,
eyðsla 6,3 l/100km, $CO_2$ losun 145 g/km.
**3.850.000 kr.** / 44.221 kr. pr.mán.*



NISSAN **QASHQAI**
5 manna 4WD, sjálfskiptur, 2.0 bensín,
eyðsla 8,2 l/100km, $CO_2$ losun 189 g/km
**4.990.000 kr.** / 57.227 kr. pr. mán.*



NISSAN **QASHQAI+2**
7 manna 4WD, sjálfskiptur, 2.0 bensín,
eyðsla 8,2 l/100km, $CO_2$ losun 194 g/km
**5.390.000 kr.** / 61.790 kr. pr. mán.*




*Mán.greiðsla m.v. 30% útb. og bílasamning í 84 .mán.

**B&L OG INGVAR HELGASON** Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# Sumarið kemur!



**Bókaðu strax!**
Þú færð **10.000 kr.** afslátt á mann á völdum dagsetningu ef þú bókar fyrir **28. janúar.**

## Sala sumarleyfisferðanna 2011 er hafin!

Heimsferðir hefja nú sölu á sumarleyfisferðunum 2011. Í boði eru frábærir áfangastaðir, fjölbreyttir gistivalkostir, fyrsta flokks þjónusta og ótrúlega hagstæð verð.
Bókaðu strax og tryggðu þér 10.000 kr. afslátt á mann. Hámark 40.000 kr. afsláttur á bókun.

## Bodrum í Tyrklandi

frá kr. 99.900 – Flugsæti á mann.

Bodrum sló rækilega í gegn í fyrra!



### Frábært verð

**Frá 124.900 kr.**
**– með „öllu inniföldu“**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2 - 11 ára á hótel Eken ***+ í 10 nætur með “öllu inniföldu”, 21. maí.

**Frá 139.900 kr.**
**– með „öllu inniföldu“**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2 - 11 ára í herbergi á Blue Bay *** í 10 nætur með “öllu inniföldu”, 21. júní.

## Costa del Sol

frá kr. 69.900 – Flugsæti á mann.

Úrval glæsilegra gistivalkosta í boði!



### Frábært verð

**Frá 98.440 kr.**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2 - 11 ára í íbúð á Apartamentos MS Alay´s *** í 9 nætur. 15. maí.

**Frá 110.900 kr.**
**– með „öllu inniföldu“**
Netverð a mann með 10.000 kr. afslætti. m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2 - 11 ára í herbergi á Roc Flamingo *** í 9 nætur með “öllu inniföldu”. 15. maí.

## Alicante

frá kr. 59.900 – Flugsæti á mann.



### Frábært verð

**Frá 59.900 kr.**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, á nokkrum dagsetningum.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

www.heimsferdir.is

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

# Uppgjör gengislána andstætt stjórnarskrá?

Gengistryggð lán

Einar Hugi Bjarnason
hdl. hjá Ergo-lögmönnum



Þann 18. desember sl. voru samþykkt á Alþingi lög nr. 151/2010 sem m.a. breyttu lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í þessum nýju lögum er skýrt kveðið á um að kröfuhafa beri að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur ranglega af honum haft vegna ólögmætra vaxta og/eða verðtryggingar. Einnig leggja lögin þá skyldu á fjármálafyrirtæki, sem veitt hefur slík ólögmæt lán, að senda skuldara útreikning á nýjum höfuðstól og/eða endurgreiðslu ofgreidds fjár sem af uppgjörinu leiðir eigi síðar en 60 dögum eftir gildistöku laganna. Þessi tilhögun greiðsluuppgjörs er vitaskuld góðra gjalda verð og til þess fallin að draga úr óvissu um meðferð gengistryggðra bíla- og húsnæðislána. Undirritaður hefur hins vegar efasemdir um að endurútreikningur verði kláraður fyrir nefnt tímamark og mun tíminn leiða í ljós hvort þau háleitu markmið sem lögin setja í þessum efnum verði uppfyllt.

Tilgangur greinar þessarar er að benda á tvö atriði í nýju lögunum er vakið hafa undirritaðan til umhugsunar og lúta annars vegar að því hvers konar lánsskuldbindingar falli undir lögin og hins vegar að þeirri stöðu þegar skuldaraskipti hafa orðið að lánssamningi sem inniheldur ólögmætt gengistryggingarákvæði.

Varðandi fyrrnefnda atriðið kemur fram í lögunum að þau taki til húsnæðislána til neytenda sem falli undir skilgreiningu B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt og einnig til lánssamninga og eignaleigusamninga sem einstaklingar hafa gert við fjármálafyrirtæki vegna kaupa á bifreið til einkanota.

Að mati undirritaðs er þessi þrönga skilgreining á hugtakinu húsnæðislán í lögunum til þess fallin að mismuna skuldurum gengistryggðra lána, enda er það skilyrði samkvæmt nefndu ákvæði tekjuskattslaganna að lán hafi verið tekið vegna kaupa eða byggingar á húsnæði til eigin nota. Í þessu felst að lögin ná ekki til allra einstaklinga sem tekið hafa lán sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði. Sem dæmi falla utan við gildissvið laganna svonefnd lánsveð, t.d. þegar einstaklingur hefur fengið veð að láni hjá vinum eða vandamönnum.

> Tvö atriði í nýju lögunum hafa vakið undirritaðan til umhugsunar

Hið sama á við um einstaklinga sem sitja uppi með tvær fasteignir á gengistryggðum lánum og ekki hefur tekist að selja fyrra húsnæði í kjölfar efnahagshrunsins, en þá er sú fasteign sem ekki er nýtt til eigin nota undanþegin samkvæmt lögunum. Fleiri dæmi mætti taka og ljóst að margs konar takmarkatilvik geta komið upp varðandi túlkun á þessu skilyrði. Sömu sögu er að segja um það skilyrði laganna að bifreið hafi verið keypt til einkanota, t.d. varðandi bifhjól og leigubifreiðar sem nýttar eru bæði í einkaerindum og atvinnurekstri. Undirritaður er þeirrar skoðunar að lögin standist að þessu leyti tæpast jafnræðisákvæði laga og stjórnarskrár.

Síðarnefnda atriðið sem undirritaður telur ástæðu til að vekja athygli á er áhrif skuldaraskipta á endurútreikning gengistryggðra lánssamninga. Í 8. mgr. 1. gr. laga nr. 151/2010, sbr. 18 gr. laga nr. 38/2001, er ákvæði er mælir fyrir um að ef einu sinni eða oftar hafa orðið aðila- eða skuldaraskipti að slíkum lánssamningi skuli hver skuldari eiga sjálfstæðan rétt gagnvart kröfuhafa til leiðréttingar á greiðslum vegna lánsins. Réttindi og skyldur hvers og eins aðila skuli miðast við þann tíma sem viðkomandi var skuldari lánssamnings og leiðrétting nái bæði til greiðslna og höfuðstóls á því tímabili samkvæmt ákveðnum reglum sem nánar eru útlistaðar í lögunum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að skuldaraskipti hafa undantekningarlítið átt sér stað í tengslum við eigendaskipti að veðsettum eignum. Þegar slík yfirtaka á sér stað tekur hinn nýi skuldari yfir réttindi og skyldur samkvæmt viðkomandi lánssamningi á yfirtökudegi. Að mati undirritaðs eiga leiðréttingar á ofgreiðslum á samningstímanum í slíkum tilvikum að renna óskertar til þess aðila sem yfirtekið hefur viðkomandi lánssamning en ekki fyrri skuldara samningsins. Með lögunum er hins vegar rótgrónum reglum kröfuréttar um aðilaskipti að kröfum og reglum um viðskiptabréf breytt og mælt fyrir um sjálfstæðan rétt fyrri skuldara gagnvart kröfuhafa til leiðréttinga á ofgreiðslum. Undirritaður telur því hugsanlegt að lögin gangi í berhögg við eignaréttarákvæði stjórnarskrár og reglum um bann við afturvirkni laga. Er því mikilvægt fyrir núverandi skuldara gengistryggðra lánssamninga að kanna réttarstöðu sína, þ.m.t. hvort íslenska ríkið hafi með lagasetningunni hugsanlega bakað sér skaðabótaskyldu.

# Gleðilegt ferðaár 2011

Ferðamál

Ólöf Ýrr Atladóttir
ferðamálastjóri



Í byrjun ársins 2010 var bjartsýni ríkjandi í íslenskri ferðaþjónustu. Fregnir bárust um góða bókunarstöðu og útlit var fyrir að árið yrði jafnvel hið stærsta frá upphafi. Gosið í Eyjafjallajökli setti alvarlegt strik í reikninginn og vakti ótta um að sumarið 2010 yrði þungt í skauti. Sameiginlegt átak stjórnvalda og ferðaþjónustunnar gerði sitt til að snúa þeirri þróun við. Ráðist var í heildstætt markaðsátak í virkri samvinnu, sem sýndi hvernig aðilar geta tekið höndum saman til að bregðast við bráðavanda. Ekki má þó gleyma að markaðssetning íslenskrar ferðaþjónustu er ekki grundvöllur að átaksverkefnum, heldur viðvarandi vinnu við að vekja og viðhalda áhuga almennings og söluaðila á erlendum mörkuðum. Sú vinna byggir á daglegum samskiptum, sterkum skilaboðum og heildarsýn, þar sem hlutverk hins opinbera í almennri landkynningu er vel skilgreint

Nú í lok ársins 2010 gefa tölur til kynna milli eins og tveggja prósenta fækkun erlendra gesta, sem telst viðunandi þegar horft er til atburða liðins árs og efnahagsástandsins á þeim mörkuðum sem við sækjum helst á. Jákvæðar fréttir erlendra fjölmiðla upp á síðkastið, þar sem Ísland er sett í öndvegi áfangastaða næsta árs, eru meðal þess sem vekja vonir um að árið verði gjöfult. En fleiri ferðamenn kalla á aukna uppbyggingu – og í ljósi þess að helsta auðlind ferðaþjónustunnar er sameign okkar í íslenskri náttúru þurfum við nú að taka höndum saman við að byggja upp gæðaferðaþjónustu sem vaxið getur til framtíðar í sátt við umhverfið. Þar hefur Ferðamálastofa mikilvægu hlutverki að gegna.

Tryggja þarf öryggi ferðamanna, bæði á vinsælum ferðamannastöðum og með því að skilgreina ramma fyrir ferðaþjónustuverkefni að starfa eftir. Gera þarf kröfur til fyrirtækja um gæði vöru og þjónustu. Ferðaþjónustufyrirtæki eiga hagsmuni af því að hér þróist sjálfbær gæðaferðaþjónusta, þar sem þau skilaboð eru send út að almenningur og rekstraraðilar beri virðingu fyrir umhverfi sínu og sérstæðri náttúru landsins. Ferðaþjónustan skapar störf um allt land og við þurfum að vinna að því að auka arðsemi þeirra starfa og tryggja að um sem flest heilsársstörf verði að ræða. Ferðaþjónustan er mikilvægur liður í byggðafestu og tryggir íbúum víða um land þjónustu sem ekki væri til staðar ef ferðamanna nyti ekki við.

Ferðaþjónustan þarfnast nýsköpunar, sem byggir á þekkingu, en upplýsingar sem Ferðamálastofa tók saman á árinu sem er að líða gefa til kynna að hlutur atvinnugreinarinnar í rannsóknar- og

> Ferðaþjónustan þarfnast nýsköpunar, sem byggir á þekkingu

nýsköpunarsjóðum sé einungis um 0,5%, sem er sérkennilegt í ljósi vægis greinarinnar fyrir þjóðarbúið. Ferðaþjónustan er ein okkar mikilvægustu atvinnugreina. Hún skilaði 155 milljörðum króna í gjaldeyristekjum til þjóðarbúsins árið 2009, sem var um 21% aukning frá árinu áður og 20% af heildargjaldeyristekjum.

Ferðamálastofa er tilbúin að einhenda sér í þau verkefni sem vinna þarf – og þegar hefur verið hafist handa. Ferðamálastofa hefur í samvinnu við hagsmunaaðila og aðra aðila stoðkerfisins hleypt af stokkunum fjölmörgum verkefnum sem miða að því að styrkja ferðaþjónustuna til framtíðar:

■ Metnaðarfullt gæða- og umhverfisvottunarkerfi er í startholum. Stefnt er á að kerfið nái til flestra þátta ferðaþjónustunnar og verði leiðbeinandi fyrir fyrirtæki í uppbyggingu, um leið og það gerir kröfur um metnað og þjónustu.

■ Á nýju ári verður hafin vinna við að skilgreina áherslur og stefnu í rannsóknum á sviði ferðaþjónustu, en hún verður grundvölluð á þeirri ferðamálastefnu sem unnin var á vegum iðnaðarráðherra og lögð verður fyrir Alþingi í upphafi árs.

■ Verið er að leggja lokahönd á öryggisstefnu fyrir ferðamannastaði, en stefnan er unnin af Ferðamálastofu í góðri samvinnu við Umhverfisstofnun og Slysavarnafélagið Landsbjörg.

■ Endurskoðun á lögum um skipan ferðamála stendur yfir, en þar er m.a. horft til þeirra öryggiskrafna sem setja á fyrirtækjum á sviði ferðaþjónustu.

■ Verið er að vinna áætlun um ferðamennsku á hálendi Íslands á vegum Háskóla Íslands en sú vinna er fjármögnuð af iðnaðarráðuneytinu. Ferðamálastofa heldur utan um verkefnið fyrir hönd ráðuneytisins og hefur stutt við grunnrannsóknir á þessu sviði með ráðum og dáð.

■ Ferðamálastofa hýsir fyrir hönd iðnaðarráðuneytis þróunarverkefnið Heilsulandið Ísland. Um metnaðarfullt verkefni er að ræða sem nýtir náttúrulegar auðlindir.

■ Með tilkomu Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar, sem verður í vörslu Ferðamálastofu, opnast tækifæri til heildstæðrar áætlunargerðar á sviði uppbyggingar á ferðamannastöðum um allt land.

■ Þróunarverkefni á sviði menningarferðaþjónustu og matarferðaþjónustu, sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafði umsjón með í samvinnu við Ferðamálastofu, eru að skila góðum árangri og sýna fram á árangur þess að nýta aðferðafræði klasavinnu á sviði ferðaþjónustu.

■ Fyrirhugað er að efla kynningarstarf gagnvart innlendum ferðamönnum en endurnýjaður kynningar- og kortavefur Ferðamálastofu er fyrsta skrefið í þeim efnum. Markaðsstofur landshlutanna gegna hér mikilvægu hlutverki og stefnt er á að efla samstarfið við þær á árinu.

Af framangreindu má sjá að spennandi tímar eru fram undan. Jafnljóst er að verkefnin verða ekki unnin nema í góðri samvinnu allra hagsmunaaðila – reynslan sýnir að þannig verður árangurinn bestur. Fyrir hönd Ferðamálastofu óska ég okkur öllum velfarnaðar á næsta ári og hlakka til samstarfsins.

# Sameining leikskóla

Leikskólar

Arndís Árnadóttir
leikskólakennari



Sólveig Dögg Larsen
leikskólakennari



Nú hefur verið settur saman starfshópur til að greina tækifæri til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Þetta hefur í för með sér að þar sem sameiningar koma til með að verða, verður öllum stjórnendum sagt upp og búnar til nýjar stöður við sameinaða skóla. Fjöldamargir leikskólastjórnendur eru uggandi yfir þessum aðgerðum og liggja þar ýmsar vangaveltur að baki. Við teljum að ekki sé næg reynsla komin á sameiningar sem þessar sem nú þegar hafa verið gerðar til þess að þær geti verið fordæmisgefandi. Við verðum að horfa til framtíðar og ef ekki er vandað til verks gæti kostnaðurinn orðið meiri þegar fram í sækir heldur en nú er. Við teljum álag á leikskólastjóra hafa verið mjög mikið undanfarin ár og alltaf er verið að auka við verkefnin sem þeir þurfa að sinna. Leikskólastjóri ber ábyrgð á öllu faglegu starfi í leikskólum og þarf að hafa meiri ítök í faglegri skipulagningu þar sem fagmenntaðir starfsmenn eru í minnihluta þó að í leikskólunum starfi fjöldinn allur af vel hæfu fólki.

Leikskólastjórinn er starfsmannastjóri á sínum vinnustað með allri þeirri vinnu sem því tilheyrir. Hann þarf að takast á við öll þau daglegu mál sem koma upp í starfshópnum, hann þarf að miðla málum, veita ráðgjöf og þarf að vita um allt sem gerist. Leikskólastjórinn þarf að vera sýnilegur nemendum og starfsfólki og mynda tengsl. Með því að auka álag á hann og taka hann úr tengslum við fólkið í skólanum er skapað óöryggi í starfsmannahópnum sem börnin munu skynja.

Leikskólastjóri sér einnig um allan innri rekstur leikskólans, sér um að viðhaldi á húsnæði sé sinnt og að öryggismál séu til fyrirmyndar. Hann sér um innkaup fyrir leikskólann, hefur samskipti við foreldra þegar þeir koma í fyrsta viðtal og þjónustar þá. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að endurmat sé gert í leikskólanum tvisvar til þrisvar sinnum á ári og að standa að úrbótum ef þörf krefur. Auk alls þessa hefur fundarseta leikskólastjóra aukist til muna enda er hann tengiliður leikskólans við samstarfsaðila.

Aðstoðarleikskólastjórinn er hægri hönd leikskólastjórans, vinnur ásamt honum að daglegri stjórn leikskólans og skipulagningu starfsins og er staðgengill í hans fjarveru. Hann sér yfirleitt um heimasíðu leikskólans en það er mikið starf ef vel á að vera, einnig hefur hann tekið á sig mikið af þeim verkum sem leikskólastjóri þarf að inna af hendi svo hægt sé að komast yfir allar þær skyldur sem á honum hvíla. Aðstoðarleikskólastjórum í þriggja deilda leikskólum ber að vera með deildarstjórn svo að hann getur ekki verið eins mikil hjálp fyrir leikskólastjórann eins og þörf er á en það fyrirkomulag hefur verið afleitt og skapað mikið álag fyrir báða stjórnendur. Í fjögurra deilda leikskólum hefur aðstoðarleikskólastjórinn aðeins 20% stjórnunarhlutfall, sem er mjög óraunsætt og er full þörf á að auka það hlutfall til muna. Með sameiningu tveggja leikskóla má segja að staða tveggja stjórnenda sé lögð niður, aðstoðarleikskólastjóri sinnir þá starfi sem leikskólastjóri sinnti áður í öðrum skólanum en hefur engan sér til aðstoðar. Þetta þýðir að enn fleiri verkefni bætast á deildarstjórana en þeir eru hluti af stöðugildum inni á deildum og hafa nóg með sitt. Deildarstjórar í 100% starfi eiga fimm undirbúningstíma á viku sem erfitt er að leysa þegar mannekla er í leikskólum. Afleysingahlutfallið var skert fyrir tveimur árum og nær sú afleysing sem er í húsi stundum ekki til að leysa alla undirbúningstíma og forföll sem verða í starfsmannahópnum. Ef deildarstjórar fá fleiri verkefni þurfa þeir meiri undirbúningstíma og afleysingu til að leysa það. Þetta hefur í för með sér meira álag á hinn almenna starfsmann auk þess sem deildarstjóri er oft eini fagaðilinn inni á sinni deild og verður nú enn meira fjarri deildinni. Þetta aukna álag bitnar svo að lokum á börnunum, sem síst mega við því á krepputímum þegar hriktir í öllum stoðum.

Einnig er verið að skoða samrekstur grunnskóla og leikskóla en ekki er fyrirséð hvernig slík sameining gæti átt sér stað ef skólarnir eru ekki í sama húsi. Þá er líka hætta á að leikskólastjórar veigri sér við að sækja um stöðu skólastjóra vegna vanþekkingar á grunnskólamálum, sem og vegna stærri og flóknari rekstrareiningar.

Að auki óttumst við að þeir leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar sem hljóta ekki ráðningu eða kjósa að sækja ekki um þessar stöður vegna aukins álags í starfi fari úr starfsgreininni og kjósi sér annan starfsvettvang. Þar fer mikill mannauður og margra ára reynsla og þekking á leikskólamálum.

Við leikskólastjórnendur eigum því mjög erfitt með að koma auga á þann faglega og fjárhagslega ávinning sem sameiningar eiga að hafa í för með sér. Þau rök þurfa að vera mjög sterk og vega þyngra en sá fórnarkostnaður sem fyrir hendi er.

Fyrir alla muni, vandið ykkur!

# LAGERSALA MÚRBÚÐARINNAR

## SMIÐJUVEGI 72

- Flísar og parket
- Hreinlætistæki
- Rafmagnsverkfæri
- Stálvaskar - fatnaður
- Útlitsgallaðar vörur



LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

## NOKKUR VERÐDÆMI:



Gólfflís stonegrey 50x50cm

**1.900** kr. pr. m²



MOM veggflís 20x40cm

**2.390** kr. pr. m²



Ardesia beige 30x60cm

**1.990** kr. pr. m²



Martinelli, 3 stafa Eik hvíttuð, olíuborin 2200x189x14mm

**3.190** kr. pr. m₂



Sunrise Sand 33x66cm

**2.690** kr. pr. m²



CBM brún 33x33cm

**1.690** kr. pr. m²

## ATH!

***Smiðjuvegi 72, Kópavogi***

***(hjá Sólningu)***

***Opið kl. 13-18 mánud.- föstud.***
***laugardaginn 15. jan. kl. 10-16***

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



56 **ELÍSABET ÞORGEIRSDÓTTIR** rithöfundur er fimmtíu og sex ára
*„Þú heldur í hönd vinar og finnst þú öruggur um eilífð.“*

## Merkisatburðir

**1528** Gústaf I. er krýndur konungur Svíþjóðar.
**1830** Síðasta aftakan á Íslandi fer fram. Friðrik Sigurðsson og Agnes Magnúsdóttir, sem höfðu myrt Natan Ketilsson og Pétur Jónsson, voru hálshöggvin.
**1969** Led Zeppelin gefur út sína fyrstu breiðskífu.
**1993** Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, EES, er samþykkt á Alþingi.
**2010** Öflugur jarðskjálfti ríður yfir Haítí.

**ÞETT GERÐIST:** 12. JANÚAR 1948

## *Gandhi fastar í hinsta sinn*



Þennan dag árið 1948 hóf Mohandas Mahatma Gandhi sína hinstu föstu. Gandhi var helsti trúarleiðtogi og stjórnmálamaður Indverja, kallaður „faðir þjóðarinnar“. Fæðingardagur hans, 2. október, er hátíðardagur á Indlandi og kunnur á heimsvísu sem alþjóðlegur dagur án ofbeldis.

Gandhi var fyrst og fremst friðarins maður. Hann lifði látlausu lífi, borðaði fábreytt grænmetisfæði og fastaði löngum stundum til hreinsunar fyrir sjálfan sig og í mótmælaskyni. Hann hóf sína síðustu mótmælaföstu í Delí þegar hann vildi knýja fram frið milli Indverja og Pakistana í kjölfar stríðs milli þjóðanna árið 1947, en honum mislíkaði að stjórnvöld skyldu neita Pakistönum um sáttagreiðslu og bað þess að greiðslan yrði innt af hendi, því hann óttaðist að órói myndi enn auka á reiði Pakistana gagnvart Indverjum og átök breiddust út. Gandhi braut föstuna þegar stjórnvöld afhentu Pakistönum féð og trúarleiðtogar sannfærðu hann um frið. Gandhi var skotinn til bana á kvöldgöngu í Nýju-Delí 30. janúar 1948. Banamaður Gandhis taldi hann ábyrgan fyrir að hafa veikt þjóð sína með greiðslunni til Pakistans.

# Fyrirlestur um sætuefni

Farið verður yfir niðurstöður helstu rannsókna sem gerðar hafa verið á heilsufarslegum áhrifum sætuefna í fyrirlestri í Háskóla Íslands í dag. Þórhallur Ingi Halldórsson, lektor við matvæla- og næringarfræðideild, heldur fyrirlesturinn en markmið hans er að skoða hvaða spurningum er svarað og ósvarað varðandi áhrif sætuefna.

Notkun sætuefna í matvælum hefur aukist síðustu árin og lengi hefur gengið orðrómur þess efnis að þau séu heilsuspillandi. Þórhallur mun meðal annars fara yfir hvort ýmsar fullyrðingar varðandi sætuefni eigi við rök að styðjast.

Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröð sem Heilbrigðisvísindasvið býður upp á í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands en fyrirlestrarnir fara fram á mánudögum og miðvikudögum í janúar. Erindið hefst kl. 12.10 í stofu 103 í Lögbergi og áheyrendur geta komið fram með spurningar að því loknu. - jma





MYNDAR MEÐ FRAM SKRIFUNUM „Um leið og þetta er sérhæft þá býður svona lítill miðill upp á mikla fjölbreytni og menn geta verið allt í öllu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HÖRÐUR KRISTJÁNSSON: ER NÝR RITSTJÓRI BÆNDABLAÐSINS

# Myndavélin er alltaf til taks

Hörður Kristjánsson er nýr ritstjóri Bændablaðsins. Hann hefur starfað á Viðskiptablaðinu síðustu ár en á auk þess fjölbreytta reynslu af vinnu við fjölmiðla að baki. Hann hefur meðal annars starfað sem fréttaritari og kvikmyndatökumaður fyrir Ríkisútvarpið með aðsetur í heimabænum Ísafirði, ljósmyndari, hönnuður og umbrotsmaður í prentsmiðju ásamt því að starfa sem blaðamaður hjá Vestfirska fréttablaðinu, Vestra, DV og Fiskifréttum.

Hörður hefur því snert á ýmsu sem tengist fjölmiðlum og telur að reynslan geti komið að góðum notum á Bændablaðinu. Hann er með meistararéttindi í ljósmyndun og hefur alltaf tekið í myndavélina með blaðamennskunni. „Ég á von á því að það verði framhald á því.“

En sérðu fram á að gera einhverjar breytingar? „Mér hefur fundist Bændablaðið gott blað. Það hefur mikla útbreiðslu og margt er býsna vel gert svo einhverjar breytingar verða bara skoðaðar í rólegheitunum með þeim sem fyrir eru, en á ritstjórninni eru tveir blaðamenn í fullu starfi ásamt útsendara á Akureyri og lausapennum. En hverju ertu spenntur fyrir? „Mér finnst landbúnaðurinn eiga gríðarlega möguleika í bakhöndinni sem sumir hverjir eru vannýttir. Þetta er fjölbreyttur atvinnuvegur en innan hans rúmast matvælaiðnaðurinn, úrvinnsluiðnaðurinn og ýmis konar garðrækt svo það er af ýmsu að taka.“

Hörður er vanur því að fjalla um afmörkuð svið eins og fisk og nú síðast viðskipti og fellur það vel. „Um leið og þetta er sérhæft þá býður svona lítill miðill upp á mikla fjölbreytni og geta menn verið allt í öllu.“ En hefur þú einhverjar taugar til landsbyggðarinnar?“ „Já ég er alinn upp á Ísafirði og hef bæði starfað í sveit og við fiskvinnslu.

Bændablaðið er málgagn bænda og landsbyggðarinnar og kemur út hálfsmánaðarlega. Blaðið inniheldur ýmis konar fróðleik fyrir bændur og áhugamenn um landbúnað. Blaðið er að jafnaði gefið út í 22.200 eintökum og því er dreift um allt land. Um fjórðungur upplagsins fer til bænda, helmingi er dreift á höfuðborgarsvæðinu og fjórðungi í þéttbýli á landsbyggðinni.Vefútgáfuna er að finna á www.bbl.is.

vera@frettabladid.is

---

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur*

**Sigurður Elli Guðnason**
fv. flugstjóri
Víghólastíg 22, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 14. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Barnaspítalasjóð Hringsins njóta þess.

**Guðmunda Kristinsdóttir**
**Erla Unnur Sigurðardóttir** **Guðmundur U.D. Hjálmarsson**
**Anna Jóhanna Sigurðardóttir**
**Karl Trausti Barkarson**
**Nana Daðey Haraldsdóttir**
**Uni Dalmann Guðmundsson**
**Sólrún Silfá Guðmundsdóttir**
**Arndís Guðnadóttir** **Sigurður G. Sigurðarson**
**Ólafur Guðnason** **Guðmunda Jónsdóttir.**

---

†



*Elskulegur eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristján Pétursson**
Löngumýri 57, Garðabæ,

andaðist á Landspítalanum 4. janúar sl. Jarðarförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 13. janúar kl. 13.00.

**Ríkey Lúðvíksdóttir**
**Vilhjálmur Kristjánsson** **Guðfinna S. Bjarnadóttir**
**Kristín Kristjánsdóttir** **Jón Sigurðsson**
**Brynja Kristjánsdóttir**
**Hildur Kristjánsdóttir**
**Þór Kristjánsson** **Birna Jóna Jóhannsdóttir**
**Arnar Kristjánsson**
**barnabörn og langafabörn**

---

†



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma*

**Guðríður Einarsdóttir**
Trönuhólum 14, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörkinni miðvikudaginn 5. janúar. Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju 14. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjartavernd og Krabbameinsfélagið.

**Magnús Ingólfsson** **Björg Björnsdóttir**
**Erna Magnúsdóttir** **Mörður Finnbogason**
**Ásta Lilja Magnúsdóttir**
**Ingólfur Már Magnússon**

---

†



*Ástkær sonur minn, bróðir okkar og mágur*

**Finnbogi Jónasson**

lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 6. janúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 14. janúar kl. 13.00.

**Jónas Pálsson**
**Björn Jónasson**
**Hermann Páll Jónasson**
**Gunnar Börkur Jónasson** **Dóra Hansen**
**Kristín Jónasdóttir**



**Trúarbragðaskóli Hafnarfjarðarkirkju** býður upp á áhugaverð námskeið um hindúisma, búddisma og kínverskan og japanskan átrúnað. Trúarbragðaskólanum lýkur síðan með tveggja vikna námskeiði um talnaspeki og táknmál trúarbragðanna. www.hafnarfjardarkirkja.is

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki

12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



friendtex

ÚTSALA

ALLT AÐ 70 % AFSLÁTTUR

Opnunartími:
mánud. - föstud. kl. 11:00 - 18:00 laugard.11:00 - 16:00

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Útsala

50% afsláttur af allri útsöluvöru

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| Gallabuxur | ~~9.900 kr.~~ | 4.950 kr. |
| Gallabuxur Str. 36 - 56 | ~~11.900 kr.~~ | 5.950 kr. |
| Siffonbuxur | ~~12.900 kr.~~ | 6.450 kr. |
| Peysa með áföstum topp | ~~8.900 kr.~~ | 4.450 kr. |
| Kjóll | ~~8.900 kr.~~ | 4.450 kr. |
| Palíettukjóll | ~~9.800 kr.~~ | 4.900 kr. |
| Toppur | ~~4.500 kr.~~ | 2.450 kr. |

**Opnunartímar:**
Opið virka daga 10–18
Opið 10–16 á laugardögum í Bæjarlind
Opið 10–14 á laugardögum í Eddufelli

**Kíkið á heimasíðuna okkar www.rita.is**

Ríta
Bæjarlind 6, Eddufelli 2,
S. 554 7030 S. 557 1730


Kristinn Einarsson kafari hefur níu sinnum haldið jól uppi á Botnssúlum í Hvalfirði.



# Hef oft grafið mig í fönn

Ég fór allt-af upp á Þorláksmessu og kom niður á annan í jólum. Var með hangikjöt með mér, útvarp, konfekt og allt sem til þarf,“ segir Kristinn Einarsson léttur í bragði um jólaferðir sínar upp á Botnssúlur en þar dvaldi hann níu sinnum á jólum á tíunda áratugnum. Hann kveðst hafa gist í notalegum skála í um 1000 metra hæð og dundað sér við myndatökur á daginn og skíðabrun ef færi var. „Ég upplifði alltaf hvít jól og oftast var mikill snjór.“

;Á FERÐINNI | 2




Jeppadekk
-20%
**afsláttur** af jeppadekkjum!

Bremsuklossar
-15%
**afsláttur** af bremsuklossaskiptum

Smurþjónusta
1000 kr.
**afsláttur** af smuri!

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110



**Ferðamenn sem kaupa sér gistingu í Róm** verða hér eftir að borga sérstakan skatt. Upphæðin ræðst af gæðum gistingarinnar. Ferðamenn sem búa á gistiheimilum borga til dæmis eina evru aukalega fyrir hverja nótt á meðan hótelgestir betri hótelanna borga þrjár evrur.

Framhald af forsíðu

Sjö jól af níu kveðst Kristinn hafa verið einn uppi á Botnssúlum. „Ég var í björgunarsveit á þessum tíma og fór alltaf annaðhvort í köfun eða fjallgöngur um helgar. Svo komu jól og ég var einn svo mér fannst bara tilvalið að fara á fjöll og fást við það sem ég hafði gaman af.“

Oft kveðst Kristinn hafa lent í slæmum veðrum í þessum jólaferðum. „Einu sinni villtist ég hrikalega á heimleið enda sá ég ekki út úr augum. Var búinn að gera ráð fyrir að koma niður þennan dag og gat ekki hugsað mér að láta fólk fara að leita að mér. Lagði af stað hálf tíu um morguninn og barði að dyrum á sveitabæ á Þingvöllum um tíu leytið um kvöldið. Ég var búinn að grafa mig í fönn á tímabili en þá heyrði ég í þyrlu og fékk móral, pakkaði niður og hélt áfram. Þegar ég kom til byggða frétti ég að þyrlan hefði verið í æfingaflugi á vegum hersins en leit að mér hefði átt að hefjast innan skamms tíma.“

Höfuðmeiðsl og blindbylur settu Kristin líka eitt sinn í vanda er hann var á uppleið. „Ég datt dálítið illa á höfuðið en hélt áfram því ég vissi að ég átti stutt eftir í skálann. Þá var skollin á stórhríð og ég tíndi áttum svo ekkert annað var í stöðunni en að leggjast út. Ég hef oft grafið mig í fönn. Svo klukkan 11 næsta morgun kíkti ég upp úr pokanum mínum, þá var skálinn í um 200 metra fjarlægð. En ég var með mjög góðan útbúnað og aldrei í neinni hættu.



Kristinn við skemmtiköfun í firði sem nefnist Annar fjörður því hann er annar í röðinni frá bænum Sisimut. Lofthitinn þennan dag var mínus 23 gráður.

Ég hef sofið í þessum poka í 45 stiga frosti. Það var úti í Alaska. Ég var að klífa Mount McKinley sem er nefnt kaldasta fjall heims og þá svaf ég í margar nætur úti í 45 stiga frosti. Maður getur ekkert orðið úti með svona poka nema maður meiði sig eða hafi ekkert að borða.“

Síðustu fjögur jól hefur Kristinn haldið til á Grænlandi sem vaktmaður í vinnubúðum Ístaks. „Við erum að reisa virkjun á vesturströnd Grænlands og í fjóra mánuði dettur vinnan niður vegna kulda, þá er bara vakt á svæðinu,“ segir hann til skýringar. Spurður hvort hann sé búinn að lesa Auðnina eftir Yrsu Sigurðardóttur hlær hann og svarar: „Nei, félagi minn sem var vaktmaður með mér um jólin fyrir þremur árum byrjaði á henni en hætti fljótlega og ætlaði að geyma sér hana til betri tíma. Mig langar að lesa hana einhvern tímann.“

Þess má geta að auk þess að kafa og ganga hefur Kristinn farið í kajaksiglingar við austurströnd Grænlands og hjólað um endilangan Noreg á reiðhjóli, alls 3.300 kílómetra. „Ég tók Noreg í þremur áföngum. Fæ öðru hverju hálfsmánaðar frí í vinnunni og nýtti þrjú þeirra í að hjóla frá Nord Kap til Kristiansand. Leiðin er víða brött en rosalega skemmtileg.“

*gun@frettabladid.is*


Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og ferðamálaráðherrar Færeyja og Grænlands undirrituðu samstarfssamning milli landanna á sviði ferðamála í lok síðasta árs. Heildarupphæð samningsins er 40 milljónir króna. Í samningnum er lögð áhersla á eflingu ferðaþjónustu í löndunum þremur en stefnubreyting er fólgin í því að styrkja skuli fremur ferðalög á milli landanna þriggja en að kynna þau úti í heimi sem eina heild. Þess vegna er hluta af samningsfénu ætlað að styrkja ferðir skólahópa á milli landanna og að efla samgöngur milli þeirra.



www.ferdamalastofa.is



Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is





TÖKUM HÖNDUM SAMAN OG STYÐJUM STRÁKANA OKKAR TIL SIGURS!
Hringdu núna í síma 907 1020 og þú styrkir HM liðið okkar um 2.000 kr.
HSÍ



JEPPARAFGEYMAR



Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa.
- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikrafttur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



Eirberg
Rakatæki frá AIR-O-SWISS
- Auka gæði loftsins
- Hljóðlát og sparneytin
- Auðveld í notkun
- Fást einnig í hvítum lit



Hefur hlotið reddot hönnunarverðlaunin
Opið virka daga kl. 9 - 18
og á laugardögum kl. 11 - 16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



BÍTIÐ
MEÐ HEIMI OG KOLLU
ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50
BYLGJAN 989







ÚTSALA
20-60% afsláttur
Sendum frítt úr vefverslun á næsta pósthús
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

# íþróttafatnaður

MIÐVIKUDAGUR 12. JANÚAR 2011

KYNNING



nordicphotos/getty



Adi Dassler, stofnandi Adidas, var óþreytandi í að bæta árangur íþróttafólks með betri útbúnaði. MYND/ADIDAS

# Adidas vinnur enn samkvæmt hugmyndafræði stofnandans

Þegar Adolf „Adi“ Dassler byrjaði tvítugur að smíða íþróttaskó í lítilli verksmiðju í Herzogenaurach í Þýskalandi árið 1920 þá var hann með einfalt markmið: að gera hvern einasta íþróttamann betri og hjálpa hverjum og einum að ná sínum markmiðum. Enn þann dag í dag hefur Adidas þessa sömu hugsjón að leiðarljósi við þróun og framleiðslu á íþróttavörum. Adidas framleiðir vörur fyrir allar mögulegar íþróttir en áherslan er helst á fjóra vöruflokka: hlaup, fótbolta, körfubolta og æfingar.

Adi var frægur fyrir endalausa ástríðu sína á öllu sem viðkom útbúnaði fyrir íþróttafólk og hann eyddi miklum tíma í að fínpússa skó fyrir sumt af þekktasta íþróttafólki heims. Þegar Þjóðverjar urðu heimsmeistarar í fótbolta í fyrsta skipti árið 1954 þá voru þeir í skóm frá Adidas. Adi var sjálfur á úrslitaleiknum og í hálfleik aðlagaði hann skó leikmanna að rennblautum vellinum með fyrstu „skrúfutökkunum“ og þýska liðið sigraði það ungverska í leik sem er oft nefndur „kraftaverkið í Bern“.

Adi var alltaf jafn áhugasamur um hvernig hægt væri að hjálpa íþróttafólki til þess að ná árangri. Þegar hann var orðinn vel fullorðinn og var að horfa á spretthlaupara í sjónvarpinu sem var í skóm frá Adidas tók hann eftir því að hann rann örlítið til í beygjunum. Hann tók strax upp símann, hringdi í viðkomandi hlaupara og sagði honum hvernig hann gæti endurraðað göddunum til þess að ná betra gripi. Þessi sama ástríða á íþróttum liggur að baki allri vöruþróun hjá Adidas í dag.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439.

# Meiri hraði á léttari skóm

**Hraði er eitt af meginmarkmiðum bæði atvinnu- og áhugaíþróttafólks. Adizero-vörulínan frá Adidas býður upp á léttan útbúnað fyrir meiri hraða.**



„Adizero-fótboltaskórinn var markahæsti skórinn á HM 2010,“ segir Bjarki Magnússon, sölumaður hjá Adidas. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Til að ná árangri í íþróttum þarftu að vera fljótur. Eftir því sem útbúnaðurinn er léttari fæst meiri hraði og Adizero-vörulínan gengur út á að allir íþróttaskór og föt séu eins létt og hægt er,“ útskýrir Bjarki Magnúsarson, sölumaður hjá Adidas á Íslandi.

Bjarki segir eitt af undirstöðuatriðum allrar þjálfunar vera hlaup. Hlaupaskór voru því fyrsta varan hönnuð í anda þessarar hugmyndafræði en á síðasta ári náði hún í fyrsta skipti yfir alla vöruflokka, skó, fatnað og fleira.

„Það eru alls konar vörulínur innan þessarar hugmyndafræði, einnig fatnaður. Það er misjafnt hvort þú vilt vera í mjúkri þægilegri flík þegar þú ert að hlaupa rólega eða hvort flíkin þarf að vera létt og straumlínulöguð, þegar þú ert að æfa upp hraða eða ætlar að bæta tímann. Aðaláhersla Adizero er þó á fótboltaskó sem komu út í fyrra. Sömuleiðis eru körfuboltaskór, hlaupaskór og handboltaskór undir heitinu Adizero og má til dæmis geta þess að Guðjón Valur Sigurðsson handboltakappi notar Adizero-skó.“

Bjarki segir Adizero-fótboltaskóinn vera léttasta fótboltaskó í heimi, nýjasta útgáfan er aðeins 145 g, og hafi farið sigurför á heimsmeistaramótinu í fótbolta á síðasta ári.

„Adizero-fótboltaskórinn var markahæsti skórinn á HM 2010. Besti leikmaður mótsins, markahæsti leikmaðurinn og efnilegasti leikmaðurinn á HM spiluðu allir í Adizero-skóm. Einnig spila sumir af hröðustu leikmönnum NBA-deildarinnar í Adizero-skóm, þeirra á meðal er Derrick Rose.“

Bjarki útskýrir að efnisnotkun í Adizero-línunni sé eins lítil og hægt er, án þess að sleppa neinu sem þörf er á. Sólinn á skónum sé þynnri og viðbragð og snerpa þar af leiðandi betri. Efnin fari einnig eftir því hvert hlutverk skósins sé.

„Það er mismunandi hvaða eiginleikum er verið að sækjast eftir. Bæði í körfubolta og handbolta eru aðrir skór fyrir þá leikmenn sem eru stærri og þyngri og áherslan er ekki á hraða.

Eins er það með hlaupaskó. Sumir vilja hlaupa hægt og rólega og láta sér líða vel en fyrir þá sem eru að hlaupa hraðar, styttri vegalengdir eða eru að æfa fyrir íþróttir eins og handbolta, fótbolta, eða körfubolta, þá skiptir máli að vera í léttum útbúnaði. Starfsfólk íþróttavöruverslana getur ráðlagt hverjum sem er með kaup á réttum útbúnaði eftir því hverjar áherslur kaupandans eru. Vörur við allra hæfi hafa verið gegnumgangandi hjá Adidas í mörg ár. Áherslan á það breytist ekki.“









Rut Arnardóttir, vörustjóri skódeildar Útilífs, segir skæra liti orðna ríkjandi í æfingafatnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nýjar vörur streyma inn

**Útilíf er rótgróið fyrirtæki sem hefur allt frá árinu 1974 selt landsmönnum hvers kyns íþrótta- og æfingafatnað.**

Landsmenn hópast nú eftir áramót í líkamsræktarstöðvar, út að hlaupa og í hvers kyns æfingar. Mikilvægt er að klæða sig rétt vegna æfinganna, bæði hvað fatnað varðar og skó, ekki síst til að endast í æfingunum að sögn Rutar Arnardóttur, vörustjóra skódeildar Útilífs.

„Nýju vörurnar eru nú byrjaðar að streyma inn þannig að það er margt nýtt að sjá en Útilíf hefur alltaf verið með mjög breitt úrval í æfingafötum,“ segir Rut. „Okkar helstu merki í æfingafatnaði og hlaupafatnaði eru Nike, Adidas, Casall og Pure Lime en einnig erum við að fá fatnað frá Reebook um þessar mundir.“

Hlaupafatnaðurinn nýtur stöðugra vinsælda að sögn Rutar, árið um kring, en eróbikkfatnaðurinn er mest tekinn yfir hávetrinn, einkum þegar ný námskeið hefjast eftir áramót og á haustin. Hlaupafatnaður samanstendur af góðum hlaupabuxum, og gott er að eiga einar þykkar buxur fyrir vetrarhlaup og aðrar þynnri fyrir sumarhlaup.

Rut segir að góður bolur innan undir hlaupajakkanum skipti líka miklu máli og segir að til að mynda svokallaðir „compression“ bolir, frá Nike og Adidas, hleypi svitanum út þannig að svitinn liggi ekki upp að líkamanum og hlaupurum verður því ekki kalt. Fyrir konur er svo mikilvægt að vera í góðum toppi.

„Það er mjög mismunandi hvernig æfingafatnað fólk vill en konur eru oft ófeimnari við að prófa nýjungar í æfingafatnaði og spá mikið í sniðum og slíku. Hvað nýjungar varðar erum við til dæmis að fá línu frá Reebok sem kallast Easytone en sá fatnaður á að hjálpa vöðvunum að vinna betur, með sérstökum þráðum sem eru á ákveðnum stöðum í fötunum, sem veldur því að það verður mótstaða og vöðvarnir vinna þá meira. Það verður spennandi að sjá hvernig það virkar.“

Margs konar buxnasnið eru í gangi í æfingafötum, ýmist alveg bein, þröng eða þá kvartbuxur. Rut segir það mikið atriði þar sem fólk er mikið að hoppa og hlaupa að vera í fatnaði sem styður vel við og að vera einnig í bol með góðri öndun.

„Yfir það heila finnst mér litirnir vera að koma sterkari inn. Einu sinni var æfingafatnaðurinn nær allur svartur en fólk er orðið opnara fyrir því að velja liti með.“

# Góðir skór og sokkar

Fótabúnaðurinn, skór og sokkar, skiptir öllu máli í líkamsrækt. Helstu merkin í íþróttaskóm hjá Útilíf eru Nike, Adidas og Asics að sögn Rutar. „Eróbikkskór eru öðruvísi en hlaupaskór að því leytinu til að þeir sitja fastar á gólffletinum, þannig að þegar fólk er að hoppa, hliðarstökk til að mynda, er minni hætta á að fólk renni til. Sólinn á hlaupaskóm er líka hærri til að veita meiri stuðning en það gengur ekki í líkamsræktinni þar sem hætta er á að sólinn sé þar of hár og valdi slysum.“

Nýir Reebok-skór eru væntanlegir í Útilíf og kallast Easytone. Þeir eiga að styrkja rassvöðva, læri og kálfa í hverju skrefi, vegna óstöðugleika sem myndast í púða sem er í sólanum.

„Svo má ekki gleyma sokkunum en það er gífurlegur munur á því að vera í venjulegum bómullarsokkum og svo hlaupasokkum. Þú svitnar ekki eins mikið í íþróttasokkunum og minni líkur eru á því að maður fái blöðrur á hælana eða undir iljarnar.“





Sokkar eru ekki síður mikilvægir en skór og geta komið í veg fyrir að blöðrur myndist á fótum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






Free-tæknin í æfingaskónum frá Nike stuðlar að náttúrulegu niðurstigi og á eigandanum að líða eins og hann gangi um berfættur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Háþróaður æfingafatnaður

**Viðamiklar rannsóknir liggja að baki þeim vörum sem Nike setur á markað og miðast úrvalið við mismunandi þarfir.**

Nike kemur fram með nýja dömulínu fjórum sinnum á ári en á bak við hverja fyrir sig liggja viðamiklar rannsóknir. Á það við hvort sem um er að ræða skó eða fatnað og oft eru tilteknir markhópar spurðir álits til þess að hægt sé að þjóna þörfum viðskiptavina sem best.

„Sem dæmi um það má nefna að í öllum betri íþróttavöruverslunum þar sem vörur okkar fást erum við búin að koma upp svo kölluðum buxna- og brjóstahaldarabörum en þar er boðið upp á fjölbreytt úrval sniðið að ólíkum þörfum, enda ekki það sama sem hentar þeim sem fer í jóga og þeim sem stundar hlaup,“ segir Þórunn Ingjaldsdóttir, sölu- og markaðsfulltrúi hjá Nike. „Á buxnabarnum erum við með fjögur buxnasnið. Tight fit er þröngt snið sem gefur góðan stuðning og býður upp á hámarks hreyfanleika. Þá erum við með slim fit sem er mjótt snið fyrir grennra útlit. Regular fit er klassískt og mótandi snið og loose fit er beint frá mjöðmum og veitir hámarks þægindi.“



Við hönnun buxnanna var að sögn Þórunnar tekið mið af óskum fjölmargra kvenna. „Við konur erum svo kröfuharðar og viljum að buxurnar séu grennandi, mjúkar en styðji um leið vel við rass og læri. Nike hefur látið gera þær hærri að aftan og lægri að neðan. Þær sitja vel og móta líkamann,“ útskýrir Þórunn.

Sams konar þróunarvinna liggur að baki æfingaskóm sem eru búnir svokallaðri free-tækni. „Skórnir, sem eru bæði hannaðir fyrir konur og karla, stuðla að náttúrulegu niðurstigi og á eigandanum að líða eins og hann sé berfættur. Skórnir stuðla að betri líðan í öllum líkamanum, eigandinn getur æft lengur og staðið sig betur.“ Þórunn segir algengt að fólk noti hefðbundna hlaupaskó í alla líkamsrækt en bendir á að sérhannaðir æfingaskór henti oft og tíðum betur. „Þeir eru margir með stuðningi til hliðanna sem hentar til dæmis mun betur í herþjálfun, crossfit, pallaleikfimi og sams konar tímum.“

Þórunn leggur ríka áherslu á að til að ná árangri þurfi vitaskuld að leggja á sig vinnu, fara í ræktina og svitna. „Mér finnst mikið um alls kyns skyndilausnir en við hjá Nike erum alveg á hinum endanum. Það þarf einfaldlega að hafa fyrir lífinu en þá fást líka jákvæðar hliðarverkanir eins og meira úthald, betra útlit og aukið sjálfstraust.“

# Réttur stuðningur skiptir máli

Á öllum helstu útsölustöðum Nike er að finna brjóstahaldarabar sem ætti að auðvelda konum að finna rétta íþróttatoppinn fyrir tiltekna íþróttagrein. Á barnum er að finna þrjár gerðir með mismunandi stuðningi.

„Samkvæmt nýlegri könnun Nike virðist stór hluti kvenna æfa í röngum toppi í vitlausri stærð sem kemur niður á þægindum og hreyfigetu,“ segir Þórunn Ingjaldsdóttir sölu- og markaðsfulltrúi Nike. Hún segir mikilvægt að velja réttan stuðning miðað við aðstæður. „Við erum með topp sem veitir léttan stuðning og hentar fyrir jóga og göngur. Þá erum við með topp með miðlungsstuðningi sem hentar í dans, við hjólreiðar og í ræktina og svo með topp sem er búinn hámarksstuðningi og er góður í handbolta, fótbolta, körfubolta og hlaup en á honum er tekið tillit til skálastærðar auk þess sem hann er með klemmu að aftan og stillanlegum böndum.



Toppur með miklum stuðningi.



**Símenntun Háskólans á Akureyri** býður upp á nám í svæðisleiðsögunámi á Norðurlandi í samvinnu við Leiðsöguskólann í MK og SBA-Norðurleið. Að námi loknu fær fólk réttindi til að starfa sem svæðisleiðsögumenn á Norðurlandi. Skráningarfrestur er til 17. janúar. www.unak.is







„Þetta er visst brautryðjendastarf," segir Jón Björnsson, sem fjallar um fjandann á námskeiði hjá Endurmenntun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Heimsókn í neðra

**Kölski, skósveinar hans og helvíti eru til umfjöllunar á námskeiði sem Jón Björnsson heldur utan um hjá Endurmenntun. Jón segir ekki seinna vænna að kynna sér efnið þar sem ófáir lendi í neðra.**

Jón Björnsson, sálfræðingur og rithöfundur, hefur fjallað um engla á námskeiðum sínum hjá Endurmenntun síðustu misseri. Áhugasvið Jóns nær þó víðar, eða neðar skulum við segja, því á námskeiði í janúar ætlar Jón að fjalla um sjálfan Kölska, skósveina hans og vistaverur þeirra og hinna fordæmdu í víti.

„Ég kem til með að skoða fjandann og hvernig þessi sögulega persóna hefur þróast, úr trúarhugmyndum annarra þjóða sem Biblíuhöfundar höfðu kynni af og svo innan kristnihefðarinnar sjálfrar, frá saksóknara yfir í fulltrúa hins illa," útskýrir Jón og segir af nógu að taka þar sem djöfullinn eigi sér langar rætur sem teygi sig í ýmsar og óvæntar áttir.



Á námskeiðinu fer Jón líka með þátttakendur í ímyndaða heimsókn til helvítis, sem hann segir vera hreint út sagt ótrúlega smíði. „Víti tók margar aldir að hanna því í Biblíunni er ekki nema um daufa skuggaveröld að ræða sem tekur svo smám saman á sig mynd flókinnar byggingar á 12. öld, sem skiptist í ólíkar deildir eftir eðli og alvarleika brota, hreinsunareldinn, forgarð vítis og víti sjálft," útskýrir Jón, sem hefur auk engla fjallað um spennandi ferðaleiðir í mörg ár og segir í raun lítinn mun vera þar á.

„Þetta er spennandi viðfangsefni sem ég hef verið að grúska í í áratug og eðlilegt framhald á því sem ég hef verið að skoða. Líkt og englarnir er fjandinn sjálfur upphaflega erkiengill sem síðar féll, og alveg eins og fyrirhyggjusamt fólk sem leggur af stað í ferðalag er allt eins ágætt að búa sig undir að fara til vítis með því að kynna sér það betur. Enda var sú tíðin að aðeins einn af hverjum tíu þúsund komst í himnaríki, hinir fóru beinustu leið niður. Reyndar bendir nýleg bandarísk rannsókn til að þeim hafi eitthvað fjölgað sem komast til himna. Þeir eru nú víst orðnir 49 prósent á móti 51 prósent," segir Jón. „Ég veit reyndar ekki hvort henni er alveg treystandi."

Inntur eftir því hvort umfjöllunarefnið eigi eitthvert sérstakt erindi til Íslendinga nú, tekur Jón fyrir það. „Alls ekki, það var ekki hugmyndin með námskeiðinu. Það hefur bara ekki verið fjallað áður á jafn markvissan hátt um fjandann eins áhugaverður og hann er, þannig að þetta er visst brautryðjendastarf."

Námskeiðið Víti, fjandinn og illskan er fjögurra kvölda námskeið, kennt á tímabilinu 24. janúar til 14. febrúar. Skráningarfrestur er til 17. janúar. Nánari upplýsingar má finna á endurmenntun.hi.is.

*roald@frettabladid.is*



Vífill Valgeirsson kennir fólki að smíða skartgripi.

## Smíðað úr horni

VÍFILL VALGEIRSSON Í VÍFASKARTI Á SMIÐSHÖFÐA 12 HELDUR REGLULEGA NÁMSKEIÐ Í SKARTGRIPAGERÐ.

Horn og bein eru hörð efni sem notuð voru í ýmsa smíði til forna. Vífill Valgeirsson í Vífaskarti á Smiðshöfða 12 heldur námskeið í skartgripagerð reglulega og hann kveðst leggja aukna áherslu á notkun þessara efna með silfursmíðinni. „Horn og bein eru skemmtilegt hráefni í skart þegar búið er að pússa þau upp. Það kemur á þau hágljái," segir hann og nefnir sem dæmi hrútshorn og nautshorn. Hann segir hornin bæði nýtast sem aðalefni í skartið og koma í staðinn fyrir steina.

Íslenskt hraun sem Vífill sker niður í flögur nýtur líka vinsælda sem efni í skart.

Tvær sex vikna annir eru fram undan í námskeiðum hjá Vífli. *- gun*



Hrútshorn og bein og skart unnið úr því hráefni.

*Tilboð óskast í eftirfarandi:*

Akraneskaupstaður

***Uppblásin rennibraut***
(Single Lane Sliding)

***Hoppukastali***
(5 in 1 Module Combo)

***Hoppukastali***
(Bounce House)

***Grassláttuvél fyrir***
íþróttavelli (Dennis)



**Nánari upplýsingar veitir rekstrarstjóri íþróttamannvirkja á Akranesi í síma 896 2243.**

*Tilboð sendist fyrir* ***20. janúar 2011*** *til Framkvæmastjóra framkvæmdaráðs Akraneskaupstaðar Stillholti 16-18, 300 Akranes.*

PÓSTURINN©2011

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**MEIRI HALLDÓR BALDURSSON**

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

**Meiri Vísir.**

vísir.is

**PRÓTÍNBOMBUR!**

HREIN ÍSLENSK FÆÐUBÓT




BÓNUS
Fæst í Bónus

Samkvæmt skýrslu Matís er harðfiskur hollari en áður var talið. Langhollasti þorramaturinn.

GULLFISKUR
*Hollusta í hverjum bita*

**Díoxin** er þrávirkt lífrænt mengunarefni. Það getur borist í matvæli í umhverfinu, hefur ekki áhrif á heilsu fólks samstundis en getur valdið vandamálum ef það berast í líkamann í talsverðu magni yfir langt tímabil.





Í liðinu eru sex en þrír og þrír róa saman í tvo klukkutíma í senn allan sólarhringinn í 35 daga.



Fiann Paul, ljósmyndari, lista- og ævintýramaður, hefur það að markmiði að róa um öll heimsins höf.

# Með ískaldan sjóinn upp að mitti

**Ljósmyndarinn og listamaðurinn Fiann Paul hefur klifið við hlið sjerpa, kennt bardagaíþróttir í Ladakh á Indlandi og ferðast um og myndað í Himalajafjöllum. Nú hefur hann tekist á við nýja áskorun. Hann rær nú ásamt fimm liðsfélögum 5.500 km leið yfir Atlantshafið en ætlunin er að setja nýtt heimsmet með því að fara þessa leið á 35 dögum.**

„Við erum sex saman frá ýmsum löndum og skiptumst á að róa í tvo klukkutíma í senn þrír og þrír saman,“ segir Fiann Paul, ljósmyndari, listamaður og ræðari. Hann stendur í ströngu þessa stundina við að róa 5.500 km yfir Atlantshafið en markmiðið er að slá heimsmetið.

„Þetta kom þannig til að ég tók þátt í keppni úti í London og var valinn úr stórum hópi til að taka þátt í þessari áskorun,“ segir Fiann sem er pólskur að uppruna en hefur búið á Íslandi um skeið og hefur sótt um íslenskan ríkisborgararétt. „Svo keppi ég undir íslenskum fána í þessum róðri,“ segir Fiann sem kannski er þekktastur hér á landi fyrir ljósmyndir af íslenskum börnum sem lengi vel prýddu hornið á Lækjargötu og Austurstræti.

Hópurinn lagði af stað 4. janúar frá borginni Tarfaya í Marokkó og fram undan er 35 daga róður til Suður-Ameríku. Meðvindur hefur verið fyrstu dagana og því sækist ferðin vel. En slík ferð hlýtur að krefjast mikils úthalds og stífra æfinga? „Fyrir keppnina reri ég 30 km í tvo tíma og stundaði líkamsþjálfun í 40 mínútur daglega. Þó er ekkert sem getur búið mann undir róður á opnum hafi,“ segir Fiann og tekur dæmi um þá brennslu sem á sér stað. „Ef ég miða við hvað ég brenndi á æfingatímanum get ég gert ráð fyrir að brenna um 10 þúsund kaloríum á dag. Þar sem ómögulegt er að borða svo mikið gerum við ráð fyrir að hver okkar missi að meðaltali um 20 kíló í þessari ferð,“ segir Fiann. Vatnsdrykkja er líka mikilvæg. „Í þjálfuninni drakk ég 8 lítra af vatni á dag. Um borð í bátnum verða þeir 12.“

Félögunum sex kemur vel saman enda ekki annað hægt um borð í litlum báti í heilan mánuð. „En maður lætur sig hafa það,“ segir Fiann hlæjandi. Hann lagði af stað til Marokkó á annan í jólum. Til að hita liðið upp reru þeir í þrjá daga til Tarfaya. „Á leiðinni öðluðumst við mikla reynslu enda var mikill öldugangur fyrstu nóttina og við sem rerum sátum í vatni upp að mitti. Það var eins og að róa í kaldri sturtu,“ segir Fiann sem minnist þess þó með gleði þegar höfrungar slógust í för með þeim um skeið.

Metnaður Fianns snýst ekki aðeins um hann sjálfan því styrktaraðilar hans, Corpus Vitalis, hafa lofað að byggja skóla á afskekktum stað í Himalajafjöllum þar sem Fiann bjó eitt sinn. „Það væri langþráður draumur að sjá það rætast.“

*solveig@frettabladid.is*

**Kynning**

# Enginn venjulegur skyndibiti

**Langur undirbúningur en snögg afgreiðsla. Réttirnir kosta 990 -1.290 krónur. Kjúklingurinn er vinsælastur enda grillaður og gómsætur.**

Á veitingastaðnum Culiacan, Suðurlandsbraut 4a, er mikið úrval af hollum réttum. Staðurinn státar sig af heimalöguðum sósum og salsa sem eru stútfullar af vítamínum, enda lagaðar frá grunni á staðnum. „Með því að nota aðeins topphráefni fáum við hollari mat, sem er ekkert svipaður öðrum skyndibita. Í sósunum okkar (sterku og mildu) er mikið af fersku grænmeti og kryddjurtum en nánast engin fita. Engar majonessósur eru hérna, heldur sýrður rjómi sem er aðeins 10% feitur,“ segir Sólveig Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Culiacan.

Hún segir Culiacan vera nýflutt á Suðurlandsbrautina og er mjög ánægð með viðtökurnar. „Hérna höfum við mun betra pláss til að elda og erum að skoða ýmsar nýjungar, sem vegna plássleysis var ekki mögulegt á gamla staðnum.“

Að hennar sögn er vinsælustu réttirnir burrito og quesadillas. „Fólk velur sjálft hvað það vill setja á og afgreiðslan tekur stuttan tíma. Þó við séum fljót að afgreiða matinn þá er þetta enginn venjulegur skyndibiti, heldur erum við búin að undirbúa komu viðskiptavinarins í langan tíma. Sósurnar eru látnar malla í nokkra klukkutíma og guacamole-ið er alltaf útbúið úr ferskum avocado sem þarf oft að bíða eftir að þroskist í nokkra daga. Kjúklingurinn stendur í marineringu í minnst sólarhring áður en hann er svo eldgrillaður. Við bjóðum einnig upp á fyrsta flokks nautahakk



Í fajitas er grillaður rauðlaukur og paprika.

og svo nautakjöt sem er soðið í fimm tíma og rifið svo niður, þannig fáum við kjötið alltaf mjúkt.“

Sólveig bendir á að Culiacan sé líka með tilboð fyrir hópa og fyrirtæki. „Þá eru blandaðir réttir af öllu því besta sem við bjóðum upp á. Þessi hópmatseðill er á tilboði hjá okkur núna og kostar 1.290 á manninn, fyrir 10 manns og fleiri. Panta þarf með eins dags fyrirvara.“

Réttirnir kosta frá 990-1.290 og staðurinn er opinn alla daga frá 11.30-22.



Sólveig á nýja staðnum að Suðurlandsbraut 4a.



Ultimo burrito er með kjúklingi, sterkri eða mildri sósu, fajitas, kryddgrjónum og sýrðum rjóma. Vafinn upp og osturinn settur ofan á. Grillað þar til osturinn er bráðinn og tortillan stökk. Á 990 krónur.



Quesadillas með kjúklingi er mjög vinsæll réttur. Hérna er jalapeño sett ofan á fyrir þá sem vilja hafa það sterkt. Alltaf borið fram með sýrðum rjóma. Á 1.090 krónur.

# BÍLAR & FARATÆKI




SKODA OCTAVIA AMBIENTE DIESEL (NEW) Árgerð 2005. Ekinn 230 Þ.KM Nýskráður 6/2005. Næsta skoðun 2011 Verð kr. 980.000.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

PLANIÐ bílasala 5170000



TOYOTA PRIUS HYBRID. Árgerð 2006, ekinn 133 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.990.000 einn eigandi, mikið langkeyrsla

**Bílasalan Planið**
**Breiðhöfða, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**www.planid.is**






JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO Árgerð 2010. Ekinn 10 þ.km Nýskráður 1/2010. Næsta skoðun 2014 Verð kr. 6.790.000

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

BÍLALIND.IS S. 580-8900



NISSAN PATROL GR 44" breyttur. nýskr. 08/99, ekinn 215 þ.km, diesel, beinskiptur. Verð 2.790.000. Tilboðsverð 1.990.000!!! #282007 - Bíllinn er á staðnum á frábæru verði!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**




**Ford Escape Limited 4x4**
Árgerð 07/2008, ekinn 117þ.km, sjálfskiptur, leður, fallegt eintak. Ástandsskoðun til og bíllinn er á staðnum! Skoðar skipti! Frábært verð aðeins 2.990.000kr! Raðnúmer 151202. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**






CHEVROLET SILVERADO 1500 CREW CAB 4X4 LTZ Árgerð 2007. Ekinn 60 þ.km Nýskráður 2007. Næsta skoðun 2012 Verð kr. 4.790.000.



FORD F350 CREW 4X4 HARLEY DAVIDSON Árgerð 2007. Ekinn 95 þ.km Nýskráður 10/2006. Næsta skoðun 2011 Verð kr. 4.890.000

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**






Dodge Grand Caravan SE ,09 Keyrður 40 þúsund mílur. Sjálfskiptur. Verð 4.480 þúsund. Bílakaup Korputorg 577-1111.



Land Cruiser 120 GX DIESEL ,06 Keyrður 65 þúsund kílómetra. Sjálfskiptur. Verð 4.800 þúsund. Bílakaup Korputorg 577-1111.



Skoda Octavia Ambiente DIESEL ,08 Keyrður 54 þúsund kílómetra. Beinskiptur. Verð 2.550 þúsund. Bílakaup Korputorg 577-1111.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**




Suzuki Swift 1.3 GL, 06/2007 Ekinn 53þús. Bsk 5gíra. Ásett Verð 1.490.000.-



Subaru Legacy Outback 2.5 Wagon 4WD, 04/2008 Ekinn 85þús. Ssk. Ásett verð 3.490.000.- Möguleiki á allt að 90% láni.



MMC Outlander 2.4 Comfort 4WD, 03/2004 Ekinn 102þús. Ssk, Ásett Verð 1.590.000.- Möguleiki á allt að 90% láni.




VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma S: 587-1390.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**




Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá, Komdu á staðinn, sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Til sölu WV Golf 1.4 árg. 2004, ekinn 98þ. Litur, rauður. Verð 890þ. Uppl. í síma 698 3200.



Til sölu ISUZU D MAX 01.11.2006 ek. 41000. Húðaður pallur, lok og gangbretti og fl. Mjög flottur. V. 2.780.000. S. 690 5588.



VW Golf 4x4 ,98 árg. 1.6 Ek. 115þ.km. S. 616 2597.



**Tilboð Óskast**
Til sölu Opel Astra 1,2 árg. 2001 ek. 175þ. eyðsla ca 6 L/100 allur ný yfirfarinn vetrardekk ásett verð. 550.þ uppl. í síma 896-5290.



Til sölu Toyota Avensis STW SOL 1.8 árg. ,04, ek. 119þ. V. 1390þ. Uppl. í síma 862 7403.



Suzuki Balena 4X4 1.6 5 gíra ,97 árg. 11 mánaða. Ekinn 150þ.km. S. 616 2597.



Til sölu WV Polo árg. ,98 beinsk. 3ja dyra ek. 147 þús nýsk. Góð vetrardekk. Verð 275 þús. Möguleiki á greiðsluskiptingu á greiðslukorti Uppl. s. 868 2352.

Honda CRV jepplingur, nýskráður nóv 2006, ekinn 44 þúsund, toppbíll með bakkskynjara ofl. Verð 2.6. Enginn skipti. Sími 897 1135

## 0-250 þús.



**Legacy tilboð 250 þús**
Subaru Legacy station 4x4 árg.'96 , ssk, krókur. Ek. 200 þús. Uppl. í s. 891 9147.

Nýlegur og lítið notaður Prijon sjókayak. Svunta og árar fylgja. 130 þús. Sími 848 2200.

## 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR TILBOÐ 260 þús!!**
MMC LANCER 1,3 sjálfskiptur, árg'97 ek. aðeins 140 þús,ný heilsársdekk,ný skoðaður 2012,mp3 spilari,eyðir lítlu! ásett verð 380 þús TILBOÐ 260 ÞÚS stgr! s.618 9819

## 500-999 þús.



Renault Megan Scenic árg. 2001, sjálfsk. Ek. 189þús, nýleg tímareim, ný heilsársdekk, sk. 2011. Verð 590 þús. Uppl. í s. 659 3459.

## 1-2 milljónir



**TOYOTA LÚXUSBÍLL!**
TOYOTA CAMRY SE V6 3.0 211 hö, árg'2002,ek.150 þús km,sjálfskiptur,vel útbúinn bíll td. hraðastillir,topplúga, leður, rafmagn í sætum álfelgur ofl. topp eintak! ásett verð 1890 TILBOÐ 1490 ÞÚS! skoða skipti á ódýrari! til sýnis og sölu á höfðahöllinni tangabryggju s.567 4840

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810.

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

**Vantar bíl, 0-200 staðgr.**
Vantar bíl á verðinu 0-200. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

Óska eftir Toyota Hilux. Skilyrði að hann sé á heilum öxli að framan og aftan. Hann má vera með 2,4 bensín eða Diesel vél í lagi. Boddý og skúffa mega vera ónýt. Uppl. í s. 843 8915 e. kl. 19.

Kaupi bíla til niðurrifs. Allt kemur til greina. S. 661 5270, Baldur.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Pallhýsi

Fis Pallhýsi með webasto bensínmiðstöð. Árgerð 2006. Verð 1,5 milj. Uppl. í síma 822 1920.

## Hjólbarðar




## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Partabilar.is 770-6400 Lónsbraut 6 Haf.**
Erum að rífa bmw525d 02 lanos 98-02 carvan97 neon01 mondeo98 jeep grand 00 kia sportage 99 mazda323 96 m.benz e 1980 almera 99 terrano 01 vectra 99 twingo 99 felisia97 swift 05-2010 xl7 05yaris 05 vw lt 35 98 kango 99 primera diesel 99 fiesta 98.balleno 99 caddy 02 Kaupum bíla í niðurrif eða uppgerðar.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, Discovery, H1, Santa Fe, Nissan DC 97, Cherokee, Trooper, Ford 250, Clio 00, Megan Scenic 98, Freelander, Impreza 97, Baleno 96. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hringbraut.is Varahlutasala**
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif & Hreinlæti**
**Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málningarþjónusta Rvk**
20% afsláttur fyrir eldri borgara, öryrkja og húsfélög. Fagleg þjónusta og vönduð vinnubrögð. S. 777 2722.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**N & V Verktakar.**
**Flísalögn á frábæru tilboði.**
**4.000kr. fermeterinn.**
**Upplýsingar í síma 661 3149.**




**GK Trésmíði ehf**

**s. 893 6314**
**Glugga og glerskipti, hurðaísetningar, þakvinna, parketlagnir, mótauppsláttur, ásamt allri viðhaldsvinnu.**
**gktresmidi.is**




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**Flisaverk.is**

Gerum upp baðherbergið frá A-Ö

Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk - Smíðavinna - Flísalagnir - Yfirförum ofnalagnir

Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.

Kristján Rúnar Sveinsson 898 4990
kristjan@flisaverk.is

**HAMRABORG ehf**
Þakpappaþjónusta
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

**Óli smiður**
Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður, sími 698 9608.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

BEST MASSAGE!!!WITH TWO OR FOUR HANDS! 693-7597

Nudd í boði. S. 844 0253.

**Líkamsnudd !**
Frábær þjónusta. Tilboð í dag. S. 693 0348 eða 661 8272.

**NUDD 2 fyrir 1 TILBOÐ**
**S. 823 8280**

Líkamsskrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaðagerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín og næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 823 8280. Gjafabréf. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
**Örlaga línan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
**595 2001 & 908 1800**

**Spásími 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður, draumar.**

**Hvað viltu vita á nýju ári.**
**Opið frá 12-23 S. 894 9228**
**Steinunn visa/euro**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Dulspekisíminn 908-6414**
Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

## Önnur þjónusta




# KEYPT & SELT

## Til sölu

**City Runner**



**Heimilisþjófavörn**
Þjófavörn fyrir heimahús, hringir í 3 símanúmer. Með settinu fylgir aukalega reykskynjari og annar hreyfiskynjari.

**City Runner ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**






**Snjókeðjusala SKM.**
Við vorum að flytja í nýtt og betra húsnæði! En betra verð! - Fáðu Tilboð! WWW.SNJOKEDJUR.IS Smiðjuvegi 11. 200 Kóp(erum í húsnæði Orkuvers ehf ) S:517-8400.



**Innbrot Innbrot**
Þráðlaus öryggismyndavél með nætursýn, tekur mynd af innbrotsþjófum og sendir beint í gsm síma. tilvalin í sumarhús, heimili o.fl staði. Mjög fullkomin vel sem einginn kemst framhjá. Hægt að setja inn allt að 10 símanúmer inná kerfið. Fjarstýringarnar eru með neyðarhnappi ef óskað er eftir aðstoð strax. Verð 29.900.- Nánari upplýsingar í síma 867 2076 Gunnar. www.bilaskannar.is

**ÞVOTTAVÉLAR**
Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar og ísskápar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 12:00 - 17:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

**bathmate**
Bathmate er nú með CE vottun!
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*
*Pantana & upplýsingasími*
**849 0698**
**www.bathmate.is**

## Ýmislegt

**Hið vinsæla Þorrablót Hestamannafélagsins Fáks verður haldið í félagsheimilinu laugardaginn 15. janúar**

**Húsið opnar kl. 17:00**
**Miðaverð aðeins kr. 3.000**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl. í 8916447 Óli

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

BEST MASSAGE!!!!WITH TWO OR FOUR HANDS!!!! 6937597 Marja

## Námskeið




## Þjónusta



**Reykstopp með árangri**
**s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

## Námskeið

**Skartgripasmíði**
Vinsælu skartgripanámskeiðin eru að byrja aftur. 6 vikna námskeið þar smíðað er úr silfri og unnið með íslenska steina, horn og bein. Uppl. í s. 823-1479 Viva skart Vífil Valgeirsson.

## Atvinna

**munnharpan**
restaurant

**Munnharpan**, nýr veitingastaður á fyrstu hæð í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi leitar að starfsfólki í eftirfarandi störf;
- Yfirmatreiðslumaður.
- Yfirframreiðslumaður.

Sveinspróf er skilyrði og meistararéttindi kostur.
Við leitum að metnaðargjörnum, ástríðufullum og drífandi fagmönnum með góða reynslu.
Umsókn ásamt ferilskrá sendist á starf@munnharpan.is fyrir 21. janúar nk.
Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál, og öllum svarað.

## Fasteignir

**GARÐATORG**
EIGNAMIÐLUN

**Draumahæð 6 Garðabæ.**




**Opið hús 17.00-18.00, miðvikudaginn 12. janúar**
Mjög fallegt og snyrtilegt tvílyft raðhús 136,9 fm. ásamt 22,2 fm bílskúr samtals 159,1 fm. á einum vinsælasta stað í Garðabæ. Þar sem efrihæðin er undir súð þá er hæðin í raun talsvert stærri. Húsið er í mjög góðu standi að utan sem að innan. **Verð 39.5 millj.**

**Einbýlishús í Garðabæ óskast.**

Óskum eftir einbýlishúsi í Garðabæ í skiptum fyrir 250 fm 5 svefnherbergja, glæsilegt parhús í Garðabæ. Millifgjöf staðgreidd.

Upplýsingar veitir Kristinn B. Ragnarsson viðsk.fr. lögg. fasteignasali i sima 512 3407 eða 898 4125.

RE/MAX Bær

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123 400

SCHOOL OF ICELANDIC

**Icelandic - Norska - Norwegian I og II - Enska f. börn, Enska f. fullorðna.**
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30. 18-19:30 start: 17/1. Level II: 4 w: Md to Fr; 16:15-17:45, st: 24/1. Level IV 4w: 16:00-17:30. st. 24/1. Level III 4 w: Md to Fr; 14-15:30 st: 24/1, Level VIII st. Sat/Sun 10-11:30 st. 8/1. NORSKA: 4 vikur, mán til fös; stig I; 19:45-21:15, stig II lau/sun 16-17-30: byrjar 17/1. ENSKA f. BÖRN 8 vikur; 5-8 ára; fös 16:30-17:30, byrjar 21/1 og 9-12 ára; mán 16:30-17:30, byrjar 24/1. ENSKA f. FULLORÐNA 4 vikur mán til fös kl 16-17:30. byrjar 24/1. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. Sjá einnig: www.namskeid.is

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Sófaborð til sölu 696-8862.

## Dýrahald



Til sölu 2 yndislegar svartar Standard Schnauzer tíkur. Fara ekki úr hárum. Tilb. til afh. fullbólus, HRFÍ ættb. og tryggðar. Uppl. 862-6969.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ýmislegt

**Lærið að mála á postulín**
Skráning er hafin á postulínsmálunarnámskeið sem haldið verður 6 mánudagskvöld það fyrsta mánudaginn 17. janúar kl. 19-22. Námskeiðsgjaldið greiðist við skráningu. Uppl. Í síma 544-5504. Art Postulín, Nýbýlavegi 14.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar




## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Erum við meira enn áður.**

The Purple Rabbit

Gagnkvæm erótísk afþreying á netinu. Frítt myndspjall. Myndir, vídeó, o.fl. PurpleRabbit.eu

53 ára kona leitar að góðum karlmanni. Ekki skyndikynni, ekkert rugl. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8572.

Samkynhneigðir karlmenn auglýsa sífellt meira á Rauða Torginu Stefnumót. Til að hlusta/svara: 905-2000 og 535-9920. Til að auglýsa frítt: 535-9922.

Djarfar konur auglýsa núna mikið á Rauða Torginu Stefnumót. Til að hlusta/svara: 905-2000 og 535-9920. Til að auglýsa frítt: 535-9922.

# HÚSNÆÐI

## Gisting




## Leigumiðlanir

**Leigumiðlun-Leigumiðlun**
Vegna mikillar eftirspurnar vantar allar tegundir húsnæða á skrá á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Við erum sanngjörn og skilvirk. Leigumiðlun.com - Lögfræðistofa, Hamraborg 1, 200 Kópavogi Sími 445 3500 leigumidlun@leigumidlun.com

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

101 Reykjavík. 12.fm herb. WC+sturta,eldunaraðst. Nýuppgert. Room w/WC+shower,cooking fac. Recently renovated. S./Ph. 821-2020.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu í miðbæ Rvk., á Ránargötu fram á vormánuðina. Falleg íbúð. Aðgangur að eldhúsi, baðhúsi og þvottavél. Verð 39.000 krónur. Sími: 691 4419.

## Húsnæði óskast

Tveggja til þriggja herbergja íbúð óskast til leigu á höfuðborgarsvæðinu fyrir allt að 100 þús/mán. Uppl. í s. 6939 137.

19 ára gömul stelpa í námi með kött leitar að lítilli 2 herb. íbúð eða stúdíó helst í Rvk. Uppl. í s. 697 9014.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu við Dalveg í Kóp. til leigu. 180fm. Verslunariðnaður eða skrifstofuhúsnæði á 2 hæðum. S. 893 3475.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óska eftir 2 verkamönnum í glerflutningar. Mikil vinna í 1-2 mánuði. S. 691 8842.

Vantar starfskonu í lítið mötuneyti. Upplýsingar eftir kl. 16 í síma 823 2862.

SECURITY ÖRYGGISFÉLAGIÐ www.115.is

**Ræstingar**
Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í ræstingar í verslunum. Skilyrði; góð þjónustulund, hreint sakarvottorð og Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

Reglusamur, stundvís starfskraftur óskast í matvöruverslun í austurbænum við afgreiðslu á kassa. Ekki yngri en 20 ára. Fullt starf. Uppl. í s. 553 8844.

BIFVÉLAVIRKJAR. Vegna mikillar aukningar vill KvikkFix ráða góða bifvélavirkja með reynslu sem fyrst. Þeir sem hafa áhuga sendi umsókn ásamt upplýsingum um fyrri störf og meðmælendur til kvikkfix@kvikkfix.is fyrir 14. Jan.

**Ert þú fyrirsæta?**
Nú geta (djarfar) fyrirsætur (karlar og konur) komið sér á framfæri hérlendis og erlendis með milligöngu kanínunnar, PurpleRabbit.eu. Þjónustan er ókeypis. Frekari upplýsingar á PurpleRabbit.eu, á krækjunni „Fyrirsætur".

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is
Meiri Vísir.

## Bílar til sölu





*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Henriksdóttir**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 9. janúar s.l. Útför hennar fer fram frá Áskirkju 21. janúar kl. 13.00.

**Helga Sigurðardóttir** **Guttormur Einarsson**
**Súsanna Sigurðardóttir** **Matthías Pálmason**
**Ingunn Sigurðardóttir**
**Egill Vilhjálmur Sigurðsson** **Hafdís Sveinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Jóhanna Jóhannesdóttir**
Kópavogsbraut 85,

lést á Dvalarheimilinu Grund 1. janúar. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 14. janúar kl. 13.00.

**Gréta Pálsdóttir**
**Páll Pálsson** **Margrét Yngvadóttir**
**Jóhannes H. Pálsson** **Kristín Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Erna Dyrset Holse**
hjúkrunarkona,
Kulhuse, Danmörku,

er látin.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jens Holse**
**börn og barnabörn**
**Gunnar Dyrset.**



*Hugheilar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ágústu Jónsdóttur**
Hjúkrunarheimilinu Eir, áður Hæðargarði 35.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Eirar fyrir umönnun og alúð.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón M. Bjarnason**
rafvirkjameistari, Kríuási 15, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði mánudaginn 10. janúar. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 19. janúar kl. 13.00.

**Kristín Árnadóttir**
**Arna H. Jónsdóttir** **Guðmundur Vignir Óskarsson**
**Guðríður Jónsdóttir** **Konráð Jónsson**
**Katrín Jónsdóttir** **Björn J. Brandsson**
**Kolbrún Jónsdóttir** **Þorgeir Haraldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Volkov ráðinn nýr aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands



**NÝI STJÓRINN** Ilan Volkov á glæsilegan feril að baki. Hann hefur meðal annars verið aðalstjórnandi BBC-hljómsveitarinnar í Skotlandi.

Ilan Volkov frá Ísrael hefur verið ráðinn aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Volkov er 34 ára gamall og á glæsilegan feril að baki á stjórnendapalli víða um heim. Einungis 19 ára gamall varð hann aðstoðarstjórnandi Northern Sinfonia á Englandi og tveimur árum síðar tók hann við stöðu aðalstjórnanda ungmennahljómsveitar Lundúnarfílharmóníunnar. Árið 1999 bauð Seiji Ozawa honum stöðu aðstoðarhljómsveitarstjóra við Sinfóníuhljómsveitina í Boston. Hann var valinn aðalstjórnandi BBC-hljómsveitarinnar í Skotlandi árið 2003 og var þá yngsti stjórnandinn í sögunni til að hreppa slíka stöðu við bresku útvarpshljómsveitirnar.

Árið 2009 færði Volkov sig í stöðu aðalgestastjórnanda í Skotlandi en ferðast annars um heiminn sem hljómsveitarstjóri. Hann kemur reglulega fram á stórum tónlistarhátíðum, svo sem á Proms-hátíðinni í London. Volkov hefur fengið mikið lof og fjölda viðurkenninga á ferli sínum, meðal annars hlaut hann Gramophone-verðlaunin bæði 2008 og 2009 fyrir hljóðritanir sínar.

„Ilan Volkov hefur starfað með hljómsveitinni nokkrum sinnum frá árinu 2003. Meðal annars kom hann tvisvar á síðasta ári og hefur samstarfið verið með miklum ágætum. Viðbrögð gagnrýnenda og tónleikagesta voru á einn veg og mikil ánægja hefur ríkt með hans störf,“ segir Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hljómsveitin hefur verið að leita eftir föstum stjórnanda um nokkurt skeið til að taka við af Rumon Gamba sem lét af störfum í júní. „Ilan hefur skýra listræna sýn og mikinn áhuga á íslensku tónlistarlífi,“ segir Sigurður en það og glæstur ferillinn hafði mikið að segja þegar honum var boðin staðan. En er sjálfgefið að slíkur reynslubolti þiggi slíkt boð? „Síður en svo, það þarf að koma saman áhugi af beggja hálfu. Með ráðningunni hefur Ilan hins vegar ákveðið tækifæri listrænt séð með því að starfa hér á Íslandi, enda er hann ekki aðeins hljómsveitarstjóri heldur einnig listrænn stjórnandi hljómsveitarinnar,“ segir Sigurður og bætir við að Volkov hafi smitast af því líflega tónlistarlífi sem hér ríki. „Við göngum nú inn í nýja tíma við flutninginn í Hörpu og fjölmörg tækifæri bjóðast. Volkov er réttur maður á réttum stað til að ganga til móts við nýja tíma með hljómsveitinni,“ segir Sigurður og vonar að ráðningin muni einnig auka enn á gott orðspor hljómsveitarinnar.

Volkov tekur til starfa við upphaf fyrsta starfsárs Sinfóníuhljómsveitar Íslands í tónlistarhúsinu Hörpu í haust og er hann ráðinn til þriggja ára. Hann mun stýra hljómsveitinni á sex til níu tónleikum á starfsári á samningstímanum. Volkov mun einnig stýra árlegri tónlistarhátíð með nýrri og framsækinni tónlist í Hörpu og fer fyrsta hátíðin af því tagi fram í mars 2012.

- sg



*Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar okkar yndislega*

**Gunnars Ellertssonar.**

Megi birta og ylur umlykja hjörtu ykkar um ókomna tíð.

**Ellert, Vigdís og stórfjölskyldan Bjarnastöðum.**

*Maðurinn minn,*

**George W. Sickels**
Union, New Jersey,

lést 23. desember 2010 og hefur útförin farið fram.

**Þóra Aradóttir Sickels**



*Ástkær sambýlismaðurinn minn og faðir okkar*

**Jóhann Steinmann Sigurðsson**

varð bráðkvaddur á Tenerife laugardaginn 8. janúar.

**Guðríður Sigurgeirsdóttir**
**Erna Jóhannsdóttir**
**Jónína Ingibjörg Jóhannsdóttir**
**Hólmfríður Jóhannsdóttir**
**Elínrós Þóreyjardóttir**
**Sigurður Helgi Jóhannsson**
**Aðalsteinn Jóhannsson**
**og fjölskyldur**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Kristinn Oddsson**
Kristnibraut 77, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut föstudaginn 7. janúar. Jarðarförin fer fram frá Guðríðarkirkju, Grafarholti þriðjudaginn 18. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**Hansína Bjarnadóttir**
**Alfons Sigurður Kristinsson** **Evy Britta Kristinsdóttir**
**Rut Kristinsdóttir** **Jóhann Björgvinsson**
**Oddur Einar Kristinsson** **Sigurbjörg Fjölnisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


Úrval ljósa á betra verði
ÚTSALA
10-70% afsláttur
Opið:
Mánudag til föstudag frá kl. 10 - 18
Laugardag frá kl. 11 - 16
Sunnudag frá kl. 12 - 16
www.rafkaup.is
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sjúkdómur, **6.** frá, **8.** trygging, **9.** hljóð rjúpunnar, **11.** guð, **12.** rót, **14.** hopp, **16.** drykkur, **17.** blundur, **18.** pota, **20.** skóli, **21.** vegur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þungi, **3.** átt, **4.** raf, **5.** svelgur, **7.** formann, **10.** fálm, **13.** smátt lausagrjót, **15.** slabb, **16.** kaðall, **19.** strit.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** asmi, **6.** af, **8.** veð, **9.** rop, **11.** ra, **12.** grams, **14.** stökk, **16.** te, **17.** lúr, **18.** ota, **20.** ma, **21.** gata.
**LÓÐRÉTT: 1.** farg, **3.** sv, **4.** merskúm, **5.** iða, **7.** forseta, **10.** pat, **13.** möl, **15.** krap, **16.** tog, **19.** at.




512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


# Blá og rauð mæliker

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Fyrir stuttu las ég frétt unna upp úr grein Stefáns Ólafssonar, prófessors í félagsfræði við Háskóla Íslands, þar sem sagði að íslensk stjórnvöld væru að vinna svo vel úr kreppunni að afleiðingar hennar myndu ekki dynja með jafn miklum þunga á lægri- og millitekjuhópa eins og gerist til dæmis á Bretlandi og Írlandi.

**ÉG** varð afar kátur en svo las ég áfram en þar var vitnað í Stefán: „Skandinavíska leiðin, sem er yfirlýst stefna íslensku ríkisstjórnarinnar, er um margt öndverð við stefnu hægri stjórnanna á Írlandi og Bretlandi, þar sem tekjulægra fólk finnur hlutfallslega meira fyrir kreppunni.“

**ÞÁ** hugsaði ég sem svo, getur úttekt Stefáns Ólafssonar á ástandinu leitt til annarrar niðurstöðu en einmitt þessarar meðan þessi stjórn er við völd?

**ÞAÐ** er kosturinn við raunvísindi að þar er venjulega hægt fá nákvæmar niðurstöður alveg óháð því hver gerir rannsóknina. Til dæmis sýður vatn við 99,97 gráður og skiptir þá engu hvort Stefán Ólafsson eða Pétur Blöndal stendur við pottinn. Eins er til dæmis hægt að mæla hitastig og segja með óyggjandi hætti hvort það hækki, lækki eða standi í stað. Í félagsvísindum er þetta flóknara eins og sannaðist þegar þessir tveir menn tókust á um það hvort skattar hefðu hækkað eða lækkað í stjórnartíð Davíðs Oddssonar.

**NIÐURSTAÐA** rannsókna í félagsvísindum fer nefnilega venjulega eftir því hvort bláa eða rauða mælikerið er notað. Til dæmis er ég alveg viss um að ég eigi aldrei eftir að lesa fréttir eins og þessar:

**„ÞÓRÓLFUR** Matthíasson hagfræðingur er í sjokki eftir að útreikningar hans sýndu að kvótakerfið hefur orðið til mikillar hagræðingar fyrir íslenskt samfélag. „Þetta kom mér alveg í opna skjöldu,“ sagði Þórólfur.“

**SVONA** frétt mun ég heldur aldrei sjá: „Skattahækkanir ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur hafa haft verulega jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf. Þetta er niðurstaða rannsóknar Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, prófessors í stjórnmálafræði. „En það breytir því ekki að Jóhanna er alveg húmorslaus,“ sagði Hannes.“

**NIÐURSTÖÐURNAR** í félagsvísindum falla venjulega alveg að hugmyndafræði þess sem vinnur rannsóknina.

**AUÐVITAÐ;** annars myndu hagsmunahópar ekki vita hvern þeir ættu að fá til verksins.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
998
KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI
Að matbúa Lambalæri; sjá www.bonus.is smella á Uppskriftir síðan á Lambalæri
GRÍSA Veisla
FERSKT GRÍSAHAKK
498
KR. KG
GRÍSA Veisla
FERSKT GRÍSAGÚLLAS
979
KR. KG
269
KR. KG
FROSIN LAMBASVIÐ
598
KR. KG
FROSNAR SVIÐALAPPIR
GRÍSA Veisla
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
898
KR. KG
GRÍSA Veisla
FERSKT GRÍSASNITSEL
979
KR. KG
798
KR. KG
KS FROSINN LAMBABÓGUR
1898
KR. KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
698
KR. KG
KS FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FL
698
KR. 620g
KJARNAFÆÐI: FROSIÐ 100%
NAUTAHAKK 620g RÚLLAN
KS FROSINN INNMATUR LIFUR OG HJÖRTU
FRYSTI VARA
198
KR. KG
268
KR. KG
259
KR. 620g
KJARNAFÆÐI: FERSKT
KJÖTFARS 620g RÚLLAN
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VILDARPUNKTA
VISA
Vildarklúbbur

# Fólk

folk@frettabladid.is



**11 ÁRA ÁSTARSAMBANDI** söngkonunnar Shakiru og Antonio de la Rua hefur runnið sitt skeið. Þetta var tilkynnt í gær, en þau ákváðu að slíta sambandinu í ágúst í fyrra. Þau ætla að halda áfram að vinna saman.

## Verður pabbi í fyrsta sinn

Gamanleikarinn Owen Wilson á von á sínu fyrsta barni innan skamms með kærustu sinni, Jade Duell. Fréttirnar koma nokkuð á óvart því fáir vissu af því að Wilson væri í sambúð.

Samkvæmt heimildarmönnum er Wilson spenntur fyrir að takast á við föðurhlutverkið og hefur verið duglegur að lesa sér til um allt sem viðkemur fæðingu barns. „Hann hefur lagst í mikla heimavinnu og vill vera vel undirbúinn. Hann er mjög spenntur og hefur verið duglegur að spyrja spurninga,“ sagði heimildarmaðurinn.

Leikarinn hefur áður verið orðaður við konur á borð við leikkonuna Kate Hudson og söngkonuna Sheryl Crow. Hann hefur þó haldið sig nokkuð fjarri sviðsljósinu undanfarna mánuði.



**VERÐUR FAÐIR** Gamanleikarinn Owen Wilson á von á sínu fyrsta barni innan skamms.

# Á FARALDSFÆTI Í BYRJUN ÁRSINS

**Fjöldi íslenskra hljómsveita og tónlistarmanna verður á faraldsfæti erlendis á þessu ári. Fréttablaðið tók saman lista yfir tíu flytjendur sem hafa verið bókaðir á tónleika á næstu mánuðum.**

**Ólöf Arnalds** spilar á Eurosonic-bransahátíðinni í **Hollandi** í dag. Eftir það spilar hún á fimm tónleikum í **Ástralíu** 19. til 26. janúar og hitar m.a. upp fyrir Grinderman. Tónleikaferð um **Evrópu** er fyrirhuguð í febrúar og því næst tekur við tónlistarhátíðin South By Southwest í **Texas** í mars.

**Bloodgroup** er nýlögð af stað í stífa tónleikaferð um **Evrópu** þar sem hún spilar á þrjátíu tónleikum á aðeins fimm vikum. Á meðal viðkomustaða eru borgirnar **París**, **Madríd**, **Berlín**, **Vín**, **Búdapest** og **Skopje** í **Makedóníu**.

Rokkararnir í **Who Knew** spiluðu í **Hamborg** í gær og verða í dag á Eurosonic í **Hollandi.** Eftir það taka við tvennir tónleikar í **Berlín** og **London**. Hinn 17. febrúar spilar sveitin á By:Larm-hátíðinni í Ósló, South By Southwest í Texas í mars og í Þýskalandi og á Freedom-hátíðinni í **Kosovo** í júní.

**Ólafur Arnalds** er bókaður frá 24. janúar til 11. febrúar á fjórtán tónleikum. Fyrstu ellefu tónleikarnir verða í **Bandaríkjunum** þar sem hann spilar meðal annars í New York, **Los Angeles** og **San Fransisco**. Að þeim loknum taka við einir tónleikar í **London** og tvennir í **Tyrklandi**.





**Dikta** spilar á fernum tónleikum í **Þýskalandi** 16. til 20. janúar, eða í borgunum Aachen, Köln, Stuttgart, Frankfurt og London. Fyrst spilar sveitin þó á Eurosonic í **Hollandi** á morgun. Platan Get It Together kemur út í **Þýskalandi**, **Austurríki** og **Sviss** 4. mars.

**Helgi Hrafn Jónsson** spilar á fernum sólótónleikum 25. til 29. janúar í **Kaupmannahöfn**, **Berlín** og **Austurríki**. Hann spilar svo með dönsku söngkonunni Tinu Dicow á Eurosonic og ferðast með henni um **Bretland** og **Bandaríkin** í febrúar.

**Hjaltalín** spilar í **London** 2. mars. Tveggja mánaða tónleikaferð um **Evrópu** er fyrirhuguð í framhaldinu. Til dæmis spilar sveitin 10. mars í **Amsterdam** og 18. og 20. mars í **Frakklandi**.



**Benni Hemm Hemm** spilar á þrennum tónleikum í **Bretlandi** í lok janúar. Dagana 11. til 19. febrúar hefur sveitin verið bókuð í **Evrópu**, m.a. í **Frakklandi** og **Þýskalandi**.

**Hjálmar** spila á By:Larm í **Noregi** 17. febrúar og í Sviss tveimur dögum síðar. Í júní spila þeir á reggíhátíð í Noregi.



**Mezzoforte** spilar á þrennum tónleikum í **Japan** frá 14. til 17. janúar. Tónleikarnir verða í borgunum Tókýó og Osaka.






## Glee stjarna grætti unga leikkonu

Hin unga leikkona Hailee Steinfeld, sem sló í gegn í hlutverki sínu í kvikmyndinni True Grit, varð fyrir miklum vonbrigðum þegar hún mætti átrúnaðargoði sínu, Glee-stjörnunni Lea Michele, á tökustað.

„Þegar ég var í leikprufum fyrir True Grit sá ég Leu Michele á tökustaðnum. Glee er uppáhaldssjónvarpsþátturinn minn og þegar ég sá Leu ganga að búningsherbergi sínu hugsaði ég með mér: „Þetta er stelpan úr Glee, ég verð að biðja hana um eiginhandaráritun.“ Ég gekk í áttina til hennar og bað hana um eiginhandaráritun en hún gekk framhjá mér,“ sagði hin unga Steinfeld sem hefur verið orðuð við Óskarstilnefningu fyrir frammistöðu sína í True Grit. „Ég gekk alla leið aftur til baka að bílnum okkar og ég grét nánast alla leiðina heim. Ég var mjög leið. En Lea er sérstaklega falleg og hún er með einstaka söngrödd,“ sagði Steinfeld að lokum.



**SORGMÆDD** Hailee Steinfeld varð fyrir miklum vonbrigðum er Glee-stjarnan Lea Michele neitaði henni um eiginhandaráritun. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hannar myndavélar

Söngkonan Lady Gaga var gerð að listrænum stjórnanda myndavélaframleiðandans Polaroid í fyrra. Síðan þá hefur söngkonan unnið hörðum höndum að því að hanna nýjar vörur fyrir fyrirtækið sem voru loks frumsýndar í vikunni sem leið.

Á meðal þess sem Lady Gaga kynnti fyrir áhorfendum voru stafræn myndavél, myndaprentari ætlaður farsímum og sólgleraugu. „Þetta er búin að vera löng og þrotlaus vinna á milli mín og Polaroid. Við höfum gert allt sem í okkar valdi stendur til að efla Polaroid-myndavélina og gera hana nútímavænni,“ sagði söngkonan við þetta tilefni. Hún sagðist jafnframt hafa haft aðdáendur sína í huga meðan á hönnunarferlinu stóð. „Ég vildi hanna vörur sem aðdáendur mínir myndu elska og myndu henta þeirra lífsstíl.“



**HÖNNUÐUR** Lady Gaga var gerð að listrænum stjórnanda myndavélaframleiðandans Polaroid. NORDICPHOTOS/GETTY

# LAGERSALA 12. - 16. janúar

66° NORÐUR

DÖMUR/ HERRAR



**Laugavegur dúnkápa**
áður: 68.800 kr. | **nú: 30.000 kr.**

**Krakka kuldagallar**
9.500 kr.

**Barna flísfatnaður**
3.000 – 4.500 kr.

**Dömu & herra flísfatnaður**
4.000 – 6.000 kr.

**Húfur og vettlingar**
1.000 – 2.500 kr.

DÖMUR/ HERRAR



**Laugavegur dúnvesti**
áður: 28.000 kr. | **nú: 10.000 kr.**

DÖMUR/ HERRAR



**Vatnajökull PrimaLoft**
áður: 49.800 kr. | **nú: 17.500 kr.**

KRAKKAR 2-14 ára



**Loki jakki**
áður: 8.200 kr. | **nú: 3.800 kr.**

KRAKKAR 6-12 ára



**Sleipnir anorakkur**
áður: 19.900 kr. | **nú: 9.500 kr.**

## 50 - 70% afsláttur

www.66north.is

**Faxafeni 12 (2.hæð):** Mlðv. - Föst. 9 – 18 I Laug. 11 – 16 I Sunn. 12 – 16
**Glerárgata 32, Akureyri:** Mlðv. - Föst. 9 – 18 I Laug. 11 – 16

Bíó ★★★★

**Klovn: The Movie**

Aðalhlutverk: Casper Christensen og Frank Hvam.

**Leikstjóri:** Mikkel Nørgaard

## Ótrúleg ósvífni

Ekki þarf að hafa mörg orð um vinsældir Caspers Christensen og Franks Hvam hér á landi. Klovn-þættirnir, sem RÚV bar gæfu til að kaupa og sýna, hafa slegið rækilega í gegn og þeir trúðar eru súperstjörnur á Íslandi (Reyndar eru þeir svo vinsælir hér að dreifingaraðili myndarinnar sá ástæðu til þess að nefna það sérstaklega í viðtölum við danska fjölmiðla). Hugmyndin á bak við trúða-grínið er ekki ný af nálinni, Casper og Frank voru ekkert að finna upp hjólið með Klovn. Ricky Gervais hafði með þáttunum sínum The Office gert vandræðalegheit og óþægilegar uppákomur að listgrein. Og sjálfir hafa þeir talað um að vera innblásnir af bandarísku gamanþáttunum Curb Your Enthusiasm.



Að þessu sinni ætlar Frank að sýna Míu, hinni ótrúlega þolinmóðu unnustu sinni, að hann ráði fullkomlega við föðurhlutverkið. Hann bregður á það ráð að hálfpartinn ræna frænda hennar og fara með hann í kanóferð. Eitthvað sem Casper er ekki alls kostar sáttur við, ferðalagið var í hans huga fyrst og fremst leitin mikla að tilkippilegu dönsku kvenfólki. Ferðin verður auðvitað söguleg, svo ekki sé meira sagt.

Klovn-þættirnir (smá kennsla í dönsku, þetta er borið fram klóvn en ekki klávn) gengu oft ansi langt í gríninu, hver getur til að mynda gleymt því þegar Frank prófaði nýju Indiana Jones-svipuna sína á aðfangadagskvöld með skelfilegum afleiðingum fyrir hina heiladauðu Bodil eða þegar hann skeinir sér með danska fánum. Þetta eru auðvitað ógleymanleg atriði en þá er kannski rétt að taka eitt fram: þau eru eins og saklaust Hafnarfjarðar- eða ljóskubrandarar miðað við sumt sem Casper og Frank láta flakka í Klovn-myndinni.

Það sem á eftir að koma áhorfendum á óvart er hversu vel myndin er gerð, þeir fá að sjá fallegar náttúrusenur og fylgjast með Casper og Frank taka út sinn þroska. Myndin er síður en svo eins og einn stór Klovn-þáttur heldur hefur hún allt sem prýðir góða kvikmynd. Samleikur trúðanna er auðvitað með eindæmum vel smurður þótt senuþjófurinn sé hinn tólf ára gamli Marcuz Jess Petersen sem leikur frændann Bó; hann er saklaus dreginn inn í saurlifnað dúettsins. Klovn: The Movie fær því stimpilinn að hún sé hryllilega fyndin – í bókstaflegri merkingu.

**Freyr Gígja Gunnarsson**

**Niðurstaða:** Áhorfendur ættu að skilja blygðunarkenndina eftir heima þegar þeir fara á Klovn: The Movie. Hún svíkur ekki aðdáendur dönsku grínistanna.

# Rísandi stjörnur tilnefndar

Fimm ungir og efnilegir kvikmyndaleikarar hafa verið tilnefndir til bresku Bafta-verðlaunanna í flokknum Rísandi stjarna. Um er að ræða þau Tom Hardy, sem sló í gegn í Inception, Andrew Garfield sem leikur hinn nýja Spider-Man, Bond-stúlkuna Gemmu Arterton, bandarísku leikkonuna Emmu Stone og Aaron Johnson sem lék aðalhlutverkið í hasarmyndinni Kick-Ass. Sigurvegarinn verður tilkynntur á Bafta-hátíðinni 13. febrúar.



**GEMMA ARTERTON** Bond-stúlkan er rísandi stjarna í Hollywood.

„Ég er í mjög góðum hópi með öllum þessum leikurum sem eru tilnefndir,“ sagði Arterton, sem lék í síðustu Bond-mynd, Quantum of Solace. Hún hefur einnig leikið í myndum á borð við Clash of the Titans og Prince of Persia. Kvikmyndagagnrýnandinn og meðlimur Bafta-dómnefndarinnar Mark Kermode segir að tilnefning Arterton sýni vel hver hugsunin er á bak við flokkinn Rísandi stjarna. „Þetta er ekki listi yfir byrjendur í faginu heldur snýst þetta um þá sem eru við það að breytast í stjörnur,“ sagði hann.



**ANDREW GARFIELD** Garfield lék síðast í The Social Network.

# Grennist í þágu listarinnar



Kynbomban Megan Fox þykir hafa grennst einum of mikið á undanförnum mánuðum og hafa vinir hennar áhyggjur af framvindu mála.

